III

# Gjörðabók

# Ungmennafélagsins „Hegri“.

02

# Skuldbindingaskrá
## Ungmennafélagsins „Hegri.“

Vér undirritaðir lofum því og leggjum við drengskap vorn að meðan vér erum í þessu félagi, skulum vér vinna af alhuga að heill þess félagsskapar, framförum sjálfra vor andlega og líkamlega og að velferð og sóma þjóðar vorrar, í öllu því, sem þjóðlegt er og gott og gagnlegt. — Lögum og fyrirskipunum félagsins viljum vér í öllu hlýða, og leggja fram krafta vora sérplægnislaust til allra þeirra starfa er oss kynni að verða falið að inna af hendi fyrir félagið.



# Lög
## Ungmennafélagsins „Hegri.“

### 1. Grein.

Félagið heitir Ungmennafélagið „Hegri.“

### 2. Grein.

Félagsmenn geta þeir einir orðið sem byggja stefnu sína á kristilegum grundvelli.

### 3. Grein.

Stefnuskrá félagsins er þessi:

a. Að reyna af alefli að vekja áhuga hjá æskulýðnum til þess að starfa fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð.

b. Að temja sér að beita starfskröftum sínum í félagi og utan félags.

c. Að reyna af fremsta megni að styðja viðhald og efla allt það sem er þjóðlegt og ramíslenzkt og horfir til gagns og sóma fyrir hina íslenzku þjóð. Sérstaklega skal lögð stund á að fegra og heima[illegible]

4. Grein.

Tilgangi sínum hugsar félagið sér að ná með því að halda fundi minnst einu sinni á mánuði, þar sem fram fari fyrirlestrar sem haldnir sén af félagsmönnum, eða öðrum þar til fengnum mönnum; upplestur, umræður, íþróttir s.s. glímur, sund, skauta og skíðaferðir, hlaup, stökk og ýmsar fleiri líkamsæfingar. Söngur einkum á íslenzkum þjóðlögum, og annað það sem að líkamlegri og andlegri eflingu og atgervi lýtur.

5. Grein.

Allir þeir sem hafa skrifað undir skuldbindingarskrá félagsins skulu þúast.

6. Grein.

Við inngöngu í félagið greiði hver 50 aura í félagssjóð, og enn fremur 25 aura í ársfjórðungsgjald eða 1 krónu um hver áramót, fyrir aðalfund félagsins. Þó hafa félagsmenn leyfi til að skrifa sig fyrir hærra ársfjórðungsgjaldi, ef þeir vilja. Yngra fólki en 12 ára er ekki veitt inntaka í félagið.



7. Grein.

Úrsögn úr félaginu er því aðeins tekin gild að hún komi skrifleg á fund félagsins, og úrsegjandi sé skuldlaus við félagið, og óbrotlegur við lög þess.

8. Grein.

Í stjórn félagsins sitji þrír menn, kosnir til eins árs í senn þeir eru formaður, ritari og gjaldkeri.

9. Grein.

Skyldur stjórnarinnar eru að annast allar framkvæmdir félagsins, s.s. útvega menn til að halda fyrirlestra, skrifa undir reikninga þegar þeir eru samþykktir af félaginu o. fl.

A. Formaður haldi uppi reglum á samkomum félagsins, hann hefir ágreiningsatkvæði í félagsmálum, ef atkvæði eru jöfn, annars greiðir hann ekki atkvæði

B. Ritari haldi gjörðabók undir umsjón fundarstjóra, og geti í henni þeirra mála sem rædd eru á fundum og úrslitum þeirra, gefi út tilkynningar og riti annað það sem félagið þarfnast, og formaður og gjaldkeri krefjast

Í byrjun hvers fundar skal gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykt, og undir skrifuð af fundarstjóra og ritara, ef [illegible] hafa komið athugasemdir, við fundargjörðir skal þeirra getið.

C. Gjaldkeri taki á móti peningum félagsins borgi reikninga þess, og haldi bók yfir tekjur og gjöld félagsins. Hann skal vera skyldur að veita félaginu næga tryggingu fyrir sjóð-num, og leggi fé það á vöxtu, sem eftir er af útgjöldum þess. Kosnir séu á hverjum aðal-fundi tveir endurskoðunarmenn til að yfir-fara reikninga félagsins.

Stjórnin boði til auka fundar þegar þess er þörf, einnig skal hún við hver áramót gefa greinilega skýrslu um efnahag og starf-semi félagsins.

10. Grein.

Á hverjum fundi skipi fundarstjóri þriggja manna nefnd til þess að sjá um verkefni til næsta fundar, enda er þeim heimilt að leita aðstoðar stjórnin[nar].



11. Grein

Sæki félagsmaður ekki 3 fundi í röð, án þess að senda skriflega afsökun sína, eða brjóti að öðru leyti lög félagsins hefir fundurinn heim-ild til að taka mál hans til meðferðar dóms og úrskurðar að fengnum upplýsingum

12. Grein.

Félagið byrji fundi sína á sunnudögum kl. 12 á hádegi.

13. Grein.

Fundir byrji og endi með því, að syngja eitt-hvert þar til valið ættjarðar- eða framsóknarkvæði.

14. Grein.

Atkvæðagreiðsla í félaginu fari fram með handauppréttingu í smærri málum, en í stærri málum má þó krefjast nafnakalls eða skriflegra atkvæð[a].

15. Grein.

Til lagabreytinga þarf ⅔ hluta greiddra at-kvæða í öðrum málum ræður meiri hluti at-kvæða úrslitum. Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, er haldinn sé fyrst í Janúar

ár hvert og er þá lögmætur ef helmingur félags-
manna er mættur.

16 Grein.

Við aukaskýringu á lögum þessum ásamt dómi á félagsmönnum, gjörist með fundarsamþyktum.

Breytingar á lögum félagsins.

a. Í 6. grein komi 50 aurar (fimtíu aurar) í stað einnar kr. sem inntökugjald. (Samþykt 22 nóv. 1908.)

b. Í 6. grein komi í staðinn fyrir 25 aura í ársfjórðungsgjald eða eina krónu um hver áramót, komi 50 aurar fimtíu aurar sem árstillag. (Samþykt 21. jan. 1912.)



# Reglugjörð.

Samin fyrir glímuverðlauna pening U.M.F. „Hegri".

1. Grein.

Á peningum er grafið „Glímuverðlaun U.M.F. „Hegri" og skal glímt um hann 2 á ári eftir samkomu lagi félagsmanna.

2. Grein.

Í hvert skifti sem glímt er um verðlaunin, skal kjósa þriggja manna nefnd, og skal hún ákveða hverjum veita skal verðlaunin, sjálfir skulu glímumenn kjósa tvo menn, en félagið kjósi einn mann og sé hann oddamaður og skal það gilda sem oddamanni og öðrum hinna kemur saman um.

3 Grein.

Nú vinnur einhver verðlaunapeninginn og verður hann þó ekki eigandi að honum, heldur má hann bera hann, þangað til einhver annar félagsmanna vinnur hann

4 Grein.

Ef þeir sem taka þátt í glímunum eru aðeins tveir

skulu þeir glíma 7 glímur, en séu þeir fleiri en tveir, en færri en 7 skal hver glíma 3 glímur.

5. Grein.

Hálfir vinningar skulu teknir til greina, og skulu tveir hálfvinningar jafngilda heilum vinning.

6. Grein.

Engir aðrir en félagsmenn mega taka þátt í verðlaunaglímunni.

7. Grein.

Ef sá sem vinnur verðlaunapeninginn og týnir ~~honum~~ honum, skal hann láta grafa á annan pening á sinn kostnað og afhenda félaginu.

8. Grein.

Reglugjörð þessi gildir sem lög þangað til meiri hluti félagsmanna vill breyta þeim.

(Reglugjörð þessi var samþykkt á fundi á Ríp 28 April 1912.)



# Stofnun U.M.F. „Hegri".

Sunnudaginn 30 Maí. 1908 var stofnfundur Ungmennafélagsins „Hegri haldinn að Ási í Hegranesi. Málshefjandi var Ólafur Sigurðsson á Hellulandi er vakið hafði fyrst máls á stofnun slíks félags nokkru áður við messu á Ríp. – Eftir nokkra umræður var félagið stofnað með tólf meðlimum. Lög voru samin og samþykt og allir meðlimir skrifuðu sig undir skuldbindingarskrá félagsins. Í stjórn félagsins var kosið og hlutu þessir kosningu: Magnús Gunnarsson Utanverðunesi, Ólafur Sigurðsson Hellulandi, og Stefanía Guðmundsdóttir Ási.

Stjórnin skifti störfum með sér þannig: formaður Ólafur Sigurðsson, skrifari Stefanía Guðmundsdóttir og gjaldkeri Magnús Gunnarsson.

Næsti fundur var ákveðinn að Ási Sunnudaginn 14 Júní og til að koma með málefni á þeim fundi skipaði formaður Jóstein Jónasson og Sigurlaugu Guðmundsdóttir. Fleira kom ekki til tals. Fundi slitið.

## Athugasemd frá Ólafi Sigurðssyni.

Nú var félagið stofnað, allir stofnendur voru sammála um það, að hér væri slæmur félags=skapur og stór þörf að bæta úr slíku, að vísu væri ekki svo erfitt að stofna félög en það væri verra að halda þeim saman, eða að minnst. kosti vissu allir það, að svo hafði það gengið með áður stofnuð félög.

Nú vildu allir stofnendur þessa félags halda í orustu, allir fyrir einn og einn fyrir alla móti þessum sundrungaranda og ófélagslyndi er væri svo mjög ríkjandi í þessari litlu sveit. Með þetta fyrir augunum fór hver heim til sín.



## Stofnendur félagsins voru þessir:

1. Einar Guðmundsson Ási
2. Hróbjartur Jónasson Keldudal.
3. Jósteinn Jónasson Vatnskoti.
4. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
5. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
6. Páll Magnússon Hellulandi.
7. Sigurlaug Hannesdóttir Ríp.
8. Sigurlaug Guðmundsdóttir Ási.
9. Stefanía Guðmundsdóttir Ási.
10. Skúli Guðjónsson Vatnskoti.
11. Valdimar Guðmundsson Ási.
12. Þórarinn Jóhannsson Ríp.

## Fundargjörð.

22 nóv. br. 1908 var fundur settur og haldinn í Ungmennafél. „Hegri" að Ási og byrjaði hann með því að sungið var framsóknarkvæði eftir M. Markúss. „Lífsinshörpu hljóma strengir."

Um inntöku í félagið sótti Guðjón H. Sæmundss. og var það samþykt í einu hljóði.

Þessi málefni voru á dagskrá:

1. „Hvaða skemtun er heppilegust fyrir sveitafólkið?" Um það urðu allmiklar umræður og var það álit ræðumanna að söngur, upplestur sögu og kvæða, rímnakveðskapur og tafl, væru bestu skemtanirnar og dans í hófi hafður, og að skemtisamkomur væru hafðar úti undir berum himni að sumrinu. Var það mál tekið út af dagskrá.
2. „Líkamsæfingar." Um það mál tóku allir til máls og kom mönnum saman um að glímur, sund, skautaferðir og skíðaferðir og leikfimi væru hollar og þjóðlegar líkamsæfingar og jafnframt íþróttir.

Fundurinn taldi mjög æskilegt að félagsmenn temdu sér þessar íþróttir eftir föngum.



Var það mál tekið út af dagskrá.

Tillaga kom frá Guðjóni H. Sæmundssyni um að lækka inntökugjaldið niður í 50 aura (fimtíu aura) og var sú tillaga samþykt með öllum atkvæðum.

Þar næst kom til tals að félagið héldi skemtisamkomu og var kosin þriggja manna nefnd til að sjá um framkvæmdir á því máli: Kosningu hlutu Ólafur Sigurðsson, Stefanía Guðmundsdóttir og Guðjón H. Sæmundsson.

Að endingu var sungið „Ó fögur er vor fósturjörð." Fundi slitið.

## Fundargjörð.

13. des. br. 1908 var fundur settur og haldinn að Ríp. í Ungmennafél. „Hegri". Flestir félagsmenn voru mættir, og hófst fundurinn með því að syngja „Eg elska yður þér Íslands fjöll". Um inntöku í félagið sóttu Anna Guðmundsdóttir og Ragnheiður Konráðsdóttir, og var það samþykt í einu hljóði.

Þessi málefni voru á dagskrá:

1. „Hvaða afl í náttúrunni er sterkast," framsögumaður Þórarinn Jóhannsson. Um það urðu nokkrar

umræður og urðu dálítið skiftar skoðanir, þó var það álit fundarins að eldur og sjór væru þau sterkustu öfl, einnig var minnst á rafurmagn. Var svo þetta málefni tekið út af dagskrá.

2. Málefni var: „Hvaða búskaparhættir væru heppilegastir“ framsögumaður Einar Guðmundsson. Um þetta stórmál urðu töluverðar umræður, en sökum ókunnugleika fundarins var enginn fundarályktun tekin, en einungis komið fram með nokkrar bendingar svo sem, efling heimilis-iðnaðar notkun fjallagrasa sem bæðir væru holl og nærandi; einnig um matjurtarækt og margt fleira.

3. Málefni var: „Blað er félagið gæfi út“ framsögumaður Jónas Jónsson. Hann skýrði málið fyrir félaginu, og var það samþykkt að félagið reyndi blaðútgáfuna.

Í fundarlok las Guðjón H. Sæmundsson upp kvæðið „Jörundur“ eftir Þorstein Erlingsson. Svo var sungið „Eldgamla Ísafold“ og því næst fundi slitið!



## Félagar U.M.F. „Hegri“ árið 1909.

1. Einar Guðmundsson Ási.
2. Gísli Jónasson Hróarsdal.
3. Guðjón H. S. Ísfeld Ási.
4. Guðmundur Ólafsson Ási
5. Hróbjartur Jónasson Keldudal.
6. Jón Halldórsson Garði.
7. Jósteinn Jónasson Vatnskoti.
8. Magnús Gunnarsson Utanverðu-nesi.
9. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
10. Páll Magnússon Hellulandi.
11. Ragnheiður Konráðsdóttir Vatnskoti.
12. Sigurlaug Guðmundsdóttir Ási.
13. Sigurlaug Hannesdóttir Rip.
14. Skúli Guðjónsson Vatnskoti.
15. Stefanía Guðmundsdóttir Ási.
16. Sæmundur Jónasson Hróarsdal.
17. Valdimar Guðmundsson Ási.
18. Þórarinn Jóhannsson Rip.

## Fundargjörð.

3 Janúar 1909 var fundur settur og haldinn í Ungmennafél. „Hegri" að Ási. Flestir félagsmenn voru mættir og byrjaði fundurinn með því að sungið var „Norður við heimskaut". Eftir tilmælum formanns var kennari Sigurður Sigurðsson frá Holum staddur á fundinum, og las hann upp „aldamótakvæði" eftir Einar Benediktsson og talaði auk þess nokkur orð.

Þessi málefni voru á dagskrá.

1. „Fámenni og fjölmenni" framsögumaður Jósteinn Jónasson. Um þetta málefni urðu allmiklar umræður því sitt sýndist hverjum, og tóku því flestir félagsmenn til máls.
2. „Uppspretta aflsins" framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um þetta mál urðu töluverðar umræður. Einnig las Guðjón H. S. Ísfeld upp grein úr „Lögbergi" eftir Grím Grímsson.

Um inntöku í félagið sótti Guðmundur Ólafsson Ási, og var það samþykt, í einu hljóði.

Til að endurskoða lög félagsins var kosin þriggja manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:



Ólafur Sigurðsson, Guðjón H. S. Ísfeld og Guðmundur Ólafsson. Ákveðið var að halda aðalfund 17 Jan. Fleiri málefni komu ekki til umræðu á fundinum og var því fundi slitið, eftir að sungið var „Svo frjáls vertu móðir sem vindur á vog".

## Fundargjörð.

Þann 17 janúar 1909 var haldinn fundur í Ungmennafélaginu „Hegri" að Ríp. Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn. Þessi fundur var ákveðinn að vera aðalfundur. Sökum forfalla formanns var kosinn fundarstjóri Guðjón H. S. Ísfeld. Byrjaði fundurinn því næst með því að sungið var „Ó! fögur er vor fósturjörð". Um inntöku í félagið sóttu Gísli Jónasson og Sæmundur Jónasson frá Hróarsdal og var það samþykt í einu hljóði.

Þetta málefni var á dagskrá.

„Hvernig á að efla ungmennafélagshugsjónina"; framsögumaður Guðjón H. S. Ísfeld. Um þetta mál urðu töluverðar umræður, því það má segja, að það sé

margt sem eflt geti Ungmennafélagshugsjónina, og má til þess nefna fyrst, að félagar allir sæki vel fundi, svo þeir viti þá hvað fram fer í félaginu og yfir höfuð að þeir reyni af fremsta megni að efla heillir félagsins á allan hátt, og annað, að starf það er félagið tekur sér fyrir höndur sén sem gagnlegust og þarflegust svo aðrir úti frá sjái þó vilja þess til að láta eitthvað gott af sér leiða.

Félaginu barst bréf frá Ungmennafélagi Reykjavíkur sem var í alla staði fróðlegt og skemtilegt og í vors félags garð mjög svo hlýlegt, og var talið æskilegt að hafa bréfaviðskifti við það félag því þar af myndi margt lærast.

Tillaga kom frá Gísla Jónassyni um að koma upp lestrarfélagi, en sú tillaga var feld.

Í stjórn félagsins til næsta árs var kosið og hlutu þessi kosningu: Ólafur Sigurðsson form. með 8 atkv. gegn 4 atkv; Guðjón H. S. Ísfeld gjaldkeri með 9 atkv. gegn 2 atkv. Stefania Guðmundsdóttir ritari með 8 atkv. gegn 4 atkv.

Að síðustu var sungið „Eg elska yður þér Íslands fjöll" Fundi slitið.

p.t. Vatnskot 7/2 07

Ólafur Sigurðsson (p.t. formaður) Stefania Guðmundsdóttir (p.t. ritari)



## Fundargjörð.

Þann 7 Febr. 1907 var settur og haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri" í Vatnskoti. Á fundinum voru mættir meiri hluti félagsmanna. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Heyrið vella á heiðum hveri":

Þessi málefni voru á dagskrá.

1. „Breyting á lögum félagsins; og voru þær feldar.
2. „Hlutavelta" framsögumaður Guðjón H. S. Ísfeld. Um það urðu töluverðar umræður, og var fundurinn eindregið með því að hafa „hlutaveltu" og var því kosin 5 manna nefnd því til undirbúnings og hlutu þessir kosningu: Guðm. Ólafsson með 12 atkv. Ólafur Sigurðsson með 11 atkv. Stefania Guðmundsdóttir með 11 atkv. Guðjón H. S. Ísfeld með 10 atkv. og Magnús Gunnarsson með 6 atkv.
3. „Þjóðhátíð" framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um það málefni var rætt frá ýmsum hliðum og voru allir félagsmenn því meðmæltir að þjóðhátíð kæmi á, því með því fengjust óbeinlínis peningar inn í sýsluna og margt fleira sem menn gætu haft gott af, og var gjört ráð fyrir að skrifa öllum

Ungmennafélögum í sýslunni og leita álita þeirra um þetta fyrirtæki, og var til þess kosin þriggja manna nefnd. Þessir hlutu kosningu: Guðm. Ólafsson, Ólafur Sigurðsson og Guðjón H. S. Ísfeld.
Fleira kom ekki til umræðu og var því að endingu sungið „Norður við heimskaut“, og því næst var fundi slitið! Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.

Ólafur Sigurðsson (p.t formaður)   Stefanía Guðmundsdóttir (p.t ritari)

## Fundargjörð.

Þann 28 Febr. 1909 var haldinn fundur í Ungmenna fél. „Hegri“ að Ási. Félagsmenn voru flestir mættir, og byrjaði fundurinn með því að sungið var „Skagafjörður byggðin bjarta“.
Þessi málefni voru á dagskrá.
1. „Kosningarveldi almennings“ framsögumaður Jónas Jónsson. Um það málefni létu flestir skoðun sína í ljósi, og fannst öllum sem eðlilegt er, að það væri mjög æskilegt, að sem fyrst kæmist á almennur kosningarréttur og var óskað eftir



að framsögumaður vildi skrifa grein um það í eitthvert blað, og þar eð hann tók því eigi fjarri að gjöra það, þótti það málefni vera útrætt og var því tekið út af dagskrá.
2. „Ameríkuferðir“ framsögumaður Skúli Guðjónsson. Þar um urðu fjörugar og miklar umræður því ekki voru allir félagsmenn á móti Ameríkuferðunum. Sérstök ályktun var engin tekin í því máli, og var það því næst tekið út af dagskrá. Að endingu var sungið „Eg elska yður þér Íslands fjöll“. Fundi slitið!

(p.t ritari Stefanía Guðmundsdóttir)

# Félagar U. M. F. „Hegri" árið 1910.

1. Einar Guðmundsson Ási.
2. Gísli Jónasson Hróarsdal.
3. Guðjón H. S. Ísfeld. Ási.
4. Guðmundur Ólafsson Ási.
5. Hróbjartur Jónasson Keldudal.
6. Jón Halldórsson Garði.
7. Jósteinn Jónasson Vatnskoti.
8. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
9. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
10. Páll Magnússon Hellulandi.
11. Ragnheiður Konráðsdóttir Vatnskoti.
12. Sigurlaug Guðmundsdóttir Ási.
13. Sigurlaug Hannesdóttir Ripi.
14. Skúli Guðjónsson Vatnskoti.
15. Stefanía Guðmundsdóttir Ási
16. Sæmundur Jónasson Hróarsdal.
17. Valdimar Guðmundsson Ási
18. Þórarinn Jóhannsson Ripi.



## Fundargjörð.

Þann 30 Janúar 1910 var að Ási haldinn aðalfundur í Ungmennafél. „Hegri". Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn. Fundurinn var settur með því að sungið var „Ég elska yður þér Íslands fjöll". og fundarstjóri var Einar Guðmundsson.

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Hvað hefir unnið Íslandi mest mein?" Framsögumaður Ragnheiður Konráðsdóttir. Um þetta málefni urðu miklar umræður.

Því næst las Jósteinn Jónasson ræðu, er haldin var í Vesturheimi af Íslendingi. Svo söng Guðjón H. S. Ísfeld gamankvæði, og Ólafur Sigurðsson las upp kvæði.

Því næst var kosin stjórn félagsins og hlutu þessir kosningu: Ólafur Sigurðsson með 12 atkv. Guðjón H. S. Ísfeld með 11 atkv. og Skúli V. Guðjónsson. Sömuleiðis var settur ritari blaðsins, Skúli V. Guðjónsson.

Því næst var fundi slitið, eftir að sungið var „Norðar við heimskaut". Fundi slitið!

S. V. Guðjónsson (p. t. ritari)

## Fundargjörð.

Ungmennafélagið „Hegri“ hélt fund að Ási þann 28 Marz 1910. Fundurinn var settur með því að sungið var „Græðum saman mein við mein“.

Þetta málefni var á dagskrá:

1. „Hvert er betra fyrir fátæklingum að komast áfram í sveit eða kaupstað?“ Framsögumaður Guðleif Guðmundsdóttir, og urðu um málefnið fremur litlar umræður því að flestir urðu á einu máli að betra væri fyrir fátæklingum að byrja í sveit, og síðan var það tekið út af dagskrá.

Því næst las Gísli Jónasson upp tvö kvæði. Svo las Ólafur Sigurðsson upp kvæðið „Gunnarshólmi“ eftir Jónas Hallgrímsson, og talaði nokkur orð á eftir. Svo las hann upp kafla úr „Vafurlogum“.

Svo var settur fundarstjóri til næsta fundar, Ólöf Guðmundsdóttir og ritari blaðsins Einar Guðmundsson.

Þar næst var sungið „Þú vorgyðja svífur úr suðrænum geim“, og fundi slitið.

Skúli V. Guðjónsson (p.t. ritari)



## Fundargjörð.

Þann 16 Maí 1910 var að Ási haldinn fundur í Ungmennafél. Hegri. Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn, og byrjaði hann með því að sungið var „Vorið er komið og grundirnar gróa“.

Þetta málefni var á dagskrá:

1. „Hvað það er sem stendur félagsskapnum fyrir þrifum?“ Framsögumaður Hróbjartur Jónasson, og urðu um þetta málefni fjörugar umræður. Því næst las Hróbjartur Jónasson upp grein úr dagblaði. Svo las Jósteinn Jónasson upp kvæði. Því næst var sungið „Ó! fögur er vor fósturjörð“. Fundi slitið.

Skúli Guðjónsson (p.t. ritari)

## Fundargjörð.

Þann 20 Nóv. br. 1910 var að Ási haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri“. Á fundinum var mættur helmingur félagsmanna, er byrjuðu fundinn með því að syngja „Ó! fögur er vor fósturjörð“

Þetta mál-efni var á dagskrá.

1. „Fjárhagur félagsins“ og urðu um það töluverðar umræður

Því næst var rætt um glímusamkomur er allir mega taka þátt í og var Sæmundur Jónasson kosin formaður þeirra. Svo var sungið „Eldgamla Ísafold“ og fundi slitið!

Skúli Guðjónsson (ritari)

## Fundargjörð.

Sunn 11 Desbr. 1910 var að Ási haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri“. Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn, er byrjuðu fundinn með því að syngja „Skagafjörður bygðin bjarta“.

Þetta mál-efni var á dagskrá.

1. „Er dansinn nauðsynlegur fyrir erfitis fólkið?“ Framsögumaður Valdimar Guðmundsson, og urðu um þetta málefni fjörugar umræður og skiftar skoðanir. Því næst var sungið „Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur“. Fundi slitið.

Skúli Guðjónsson (ritari)



## Félagar U. M. F. „Hegri“ árið 1911

1. Einar Guðmundsson Ási.
2. Gísli Jónasson Hróarsdal.
3. Guðleif Guðmundsdóttir Ási.
4. Guðmundur Ólafsson Ási.
5. Guðný Jónasdóttir Beingarði.
6. Hróbjartur Jónasson Beingarði.
7. Jósteinn Jónasson Vatnskoti.
8. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
9. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
10. Ólöf Guðmundsdóttir Ási.
11. Ragnheiður Konráðsdóttir Vatnskoti.
12. Sigurlaug Guðmundsdóttir Ási.
13. Skúli Guðjónsson Vatnskoti
14. Sæmundur Jónasson Hróarsdal
15. Valdimar Guðmundsson Ási
16. Þórarinn Jóhannsson Ríp.

## Fundargjörð.

Þann 8 Janúar 1911 var að Ási haldinn aðalfundur í Ungmennafél. „Hegri“. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Ó! fögur er vor fósturjörð.“ Á fundinum voru mættir nær allir félagsmenn.

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Er tilbreytingin nauðsynleg fyrir manninn?“ Framsögumaður Hróbjartur Jónasson. Um þetta málefni urðu töluverðar umræður.

Því næst voru kosnir tveir menn til að endurskoða reikninga frá fyrra ári, og hlutu kosningu Guðmundur Ólafsson og Sæmundur Jónasson.

Svo var kosin stjórn félagsins og hlutu kosningu Ólafur Sigurðsson formaður, Skúli Guðjónsson ritari og Sigurlaug Guðmundsdóttir gjaldkeri. Því næst var sungið „Í Heiðardalnum er heimbygð mín.“ Fundi slitið.

Skúli Guðjónsson (ritari)

## Fundargjörð.

Þann 23 April 1911 var að Ási haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri“. Fundurinn hófst með því að sungið var



„Skagafjörður bygðin bjarta.“ Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn.

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Er ekki of mikið haft um hönd af kossum?“ Framsögumaður Gísli Jónasson. Um þetta málefni urðu fjörugar umræður, og varð niðurstaðan sú, að alt „kossaflens“ væri óþarft. Þar næst var fundi slitið.

Skúli Guðjónsson ritari

## Fundargjörð.

Þann 10 Desbr. 1911 var haldinn fundur á Hellulandi; voru mættir 11 félagsmenn og 3 utanfélags. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Ég elska yður þér Íslands fjöll.“

Þessi málefni voru á dagskrá.

1. „Lestrarfélagið“ framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um þetta málefni urðu töluverðar umræður, og ákvað fundurinn að kjósa þriggja manna nefnd, til að semja skjal er ganga skal um hreppinn til undirskriftar ef hreppsbúar vildu endurreisa lestrarfélagið. Kosnir voru: Ólafur Sigurðsson, Sæmundur Jónasson og Gísli Jónasson. Svo var

þetta málefni tekið út af dagskrá.
2. „Líkamsæfingar“. Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um þetta málefni voru töluverðar umræður og var fundurinn nær eingöngu með þeim.
3. „Um félagslífið út á við og inn á við“. Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um þetta málefni urðu fjörugar umræður.
Svo var sungið „Skín við sólu Skagafjörður“. Fundi slitið.

Gísli Jónasson (pt. ritari)



Félagar U.M.F. „Hegri“ árið 1912.

1. Einar Guðmundsson Ási.
2. Eiríksýna Ásgrímsdóttir Ási.
3. Gísli Jónasson Hróarsdal.
4. Guðleif Guðmundsdóttir Ríp.
5. Guðmundur Ólafsson Ási.
6. Guðný Jónasdóttir Beingarði.
7. Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti.
8. Hróbjartur Jónasson Beingarði.
9. Jónas Jónasson Hróarsdal.
10. Jósteinn Jónasson Vatnskoti.
11. Kristmundur Einarsson Ási.
12. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
13. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
14. Ólöf Guðmundsdóttir Ási.
15. Ragnheiður Konráðsdóttir Vatnskoti.
16. Sigurður Ólafsson Hjárastöðum.
17. Sigurlaug Guðmundsdóttir Ási.
18. Sæmundur Jónasson Hróarsdal.
19. Valdimar Guðmundsson Ási.
20. Þórarinn Jóhannsson Ríp.

## Fundargjörð.

Þann 21 Janúar. 1912 var aðalfundur haldinn í Ungmenna fél. „Hegri“ á Vatnskoti. Á fundinum voru mættir allir félagsmenn nema einn. Þessir sóttu um inntöku í félagið: Þorbjörg G. Guðjónsdóttir Vatnskoti, Kristmundur Einarsson Ási, Jónas Jónasson Hróarsdal. Á þessum fundi var ekkert sérstakt málefni tekið fyrir.

Stjórn félagsins (fyrir næsta ár) var kosin. Þessir hlutu kosningu. Ólafur Sigurðsson formaður Gísli Jónasson ritari og Magnús Gunnarsson féhirðir.

Tillaga kom frá einum félagsmanni um að breyta lögum félagsins um árstillög, þannig að árstillög séu lækkuð úr einni krónu niður í fimtíu aura. Eftir nokkrar umræður var tillagan samþykt með 9 atkv. gegn 4 atkv. – Svo talaði Sæmundur Jónasson nokkur orð um glímufélagið og kvaðst ekki sjá til neins að halda því áfram, þar sem að fundir væru aldrei sóttir, og var það samþykt. Svo var sungið „Eldgamla Ísafold.“ Fundi slitið!

Gísli Jónasson (ritari)



## Fundargjörð.

Þann 17 Marz 1912 var haldinn fundur í Ungmenna félaginu „Hegri“ á Hellulandi. Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Þú vorgyðja svífur úr suðrænum geim.“

Þessi málefni voru á dagskrá.

1. „Hvaða árstíð er skemtilegust?“ Framsögumaður Valdimar Guðmundsson. Um þetta málefni urðu fjörugar umræður.
2. Ólafur Sigurðsson bar upp fyrir félagsmönnum tillögu um hvort félagið ætti að fá Guðmund Hjaltason til þess að halda fyrirlestur. Var það samþykt með 10 atkv. gegn 3 atkv.

Svo var sungið „Skín við sólu Skagafjörður“

Á þessum fundi sagði Jósteinn Jónasson sig úr félaginu.

Fundi slitið!

Gísli Jónasson (ritari)

## Fundargjörð.

Þann 7 April 1912 var haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri“ að Ási. Flestir félagsmenn voru mættir, og byrjaði fundurinn með því að sungið var „Jeg vil elska mitt land.“

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Fara ekki ofmargir á skóla?“ Framsögumaður Ragnheiður Konráðsdóttir. Um þetta málefni urðu talsverðar umræður og urðu fleiri með því að ofmargir færu á skóla, en þó væri það ekki skólunum að kenna, þó að þeir sumir þá færu yrðu að „spjátrungum“ heldur mönnunum sjálfum.

Sæmundur Jónasson bar fram tillögu um hvort félagið vildi ekki láta grafa á pening til þess að glíma um í félaginu, og var það samþykt í einu hljóði. Svo var kosin þriggja manna nefnd til að semja lög um glímupening félagsins. Kosningu hlutu Ólafur Sigurðsson, Þórarinn Jóhannsson og Gísli Jónasson. Um inntöku í félagið sótti Sigurður Ólafsson, og var það samþykt í einu hljóði. Svo var sungið „Þú vorgyðja svífur úr suðrænum geim“ Fundi slitið

Gísli Jónasson ritari.



## Fundargjörð.

Þann 28 Apríl 1912 var haldinn fundur í Ungmenna félaginu „Hegri“ á Rip. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Skagafjörður byggðin bjarta“

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Hvort eyða karlmennirnir eða kvenfólkið meiru til óþarfa?“ Framsögumaður Guðleif Guðmundsdóttir. Um þetta málefni urðu litlar umræður.

Svo var borin upp reglugjörð um glímuverðlaunapening Ungmennafélagsins, og var hún samþykt. Svo ákvað fundurinn að glíma skyldi um verðlaunin 2. Júní 1912 á Litlagarði.

Til þess að standa fyrir þessu var kosin fimm manna nefnd. Kosningu hlutu Ólafur Sigurðsson, Þórarinn Jóhannsson, Gísli Jónasson Magnús Gunnarsson og Valdimar Guðmundsson

Svo var sungið „Grætum saman mein við mein“. og fundi slitið!

Gísli Jónasson (ritari)

# Félagar U. M. F. „Hegri“ árið 1913.

1. Einar Guðmundsson Ási.
2. Einar Ólafsson Kárastöðum.
3. Guðleif Guðmundsdóttir Ási.
4. Guðný Jónasdóttir Beingarði
5. Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti
6. Hróbjartur Jónasson Keldudal.
7. Jóhann Garibaldason Ási.
8. Kristmundur Einarsson Ási
9. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi
10. Ólafur Sigurðsson Hellulandi
11. Ólöf Guðmundsdóttir Ási
12. Páll Jónsson Ríp.
13. Sigurður Ólafsson Kárastöðum
14. Sæmundur Jónasson Hróarsdal
15. Valdimar Guðmundsson Ási.
16. Þórarinn Jóhannsson Ríp.



# Fundargjörð.

Þann 16 Febr. 1913 var haldinn aðalfundur í Ungmennafélaginu „Hegri“ á Hellulandi. Á fundinum voru allir félagsmenn mættir nema tveir.

Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Skagafjörður byggðin bjarta“.

Störf fundarins voru þessi

1. Endurskoðaðir reikningar félagsins og samþyktir
2. „Framtíðar starfsemi félagsins.“ Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Umræður um þetta málefni beindust í þá átt, að félagið reisti kálgarð eða tæki land til ræktunar. Til að koma með tillögur í þá átt var kosin fimm manna nefnd og hlutu þessir kosningu. Ólafur Sigurðsson, Sæmundur Jónasson, Þórarinn Jóhannsson, Sigurður Ólafsson og Valdimar Guðmundsson. Var svo málið tekið út af dagskrá.
3. Stjórn félagsins var kosin og hlutu kosningu: Ólafur Sigurðsson formaður, Magnús Gunnarsson féhirðir og Sigurður Ólafsson ritari. Að endingu var sungið „Blessuð sértu sveitin mín.“ Fundi slitið.

Sig. Ólafsson (ritari.)

# Fundargjörð.

Þann 9. Marz 1913 var haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri" að Ási. Fundurinn byrjaði með því að sungið var, „Í heiðardalnum er heimbygð".

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Íslenskar íþróttir að fornu og nýju"; Framsögumaður Kristmundur Einarsson. Um þetta málefni urðu nokkrar umræður, er beindust í þá átt, að núlifandi Íslendingar væru ekki eins miklir íþróttamenn og forn Íslendingar. Var svo málið tekið út af dagskrá. Því næst las Ólöf Guðmundsdóttir upp kafla úr „Umhyggjusemi" eftir Herbert Spencer og Einar Guðmundsson las upp kvæði eftir Sigj. Júl. Jóhannesson. Um inntöku í félagið sótti Einar Ólafsson og var það samþykt.

Að endingu var sungið „Svo traust við Ísland mig tengja bönd". Fundi slitið!

Sigurður Ólafsson ritari.



# Félagar U. M. F. „Hegri" árið 1914.

1. Bergur Magnússon Vatnskoti.
2. Einar Guðmundsson Ási.
3. Einar Ólafsson Kárastöðum.
4. Guðleif Guðmundsdóttir Ási.
5. Guðný Jónasdóttir Beingarði.
6. Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti.
7. Hallur Pálsson Garði.
8. Hróbjartur Jónasson Keldudal.
9. Jóhann Garibaldason Ási.
10. Jón Einarsson Ási.
11. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
12. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
13. Ólöf Guðmundsdóttir Ási
14. Sigurður Ólafsson Kárastöðum
15. Sæmundur Jónasson Hróarsdal
16. Valdimar Guðmundsson Ási
17. Þórarinn Jóhannesson Ríp.

## Fundargjörð.

Þann 22 Marz 1914 var haldinn aðal fundur í Ungmennafél. „Hegri,“ á Ríp. Á fundinum voru mættir allir félagsmenn nema Fjórir. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Þú bláfjalla geimur“ o. s. frv.

Störf fundarins voru þessi:

1. Lesnir upp reikningar félagsins og samþyktir.
2. „Starfsemi félagsins á komandi ári“. Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um Matjurtagarð félagsins urðu nokkrar umræður og var ákveðið að tveir menn ~~sæju~~ kæmu áburði í hann, og voru kosnir til þess Sæmundur Jónasson og Einar Ólafsson.
3. „Fótbolti“. Um það urðu nokkrar umræður og var samþykt af meiri hluta fundarins að láta það bíða, og var það mál svo tekið af dagskrá.
4. Stjórn félagsins var kosin, og hlutu kosningu Ólafur Sigurðsson formaður, Magnús Gunnarsson féhirðir og Sigurður Ólafsson ritari. Svo var sungið „Græðum saman mein við mein.“ Fundi slitið.

Sig. Ólafsson (ritari)



## Fundargjörð.

Þann 13 Apríl 1914 var haldinn fundur í Ungmennafél. „Hegri“ að Ási. Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Skagafjörður byggðin hjarta“.

Þetta málefni var á dagskrá.

1. „Bókalestur“. Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um þetta málefni urðu litlar umræður og var það tekið út af dagskrá.
2. Ólafur Sigurðsson las upp kvæðið „Sauðárkrókur“ eftir Ísleif Gíslason. Þar næst var sungið „Í birkilaut hvíldi ég bakkanum á“ og fundi slitið!

Sig. Ólafsson (ritari)

## Fundargjörð.

Þann 22 Nóv.br. 1914 var haldinn fundur, í Ungmennafél. „Hegri,“ á Hellulandi. Á fundinum mættu flestir félagsmenn, og byrjaði hann með því að sungið var „Heilir og sælir og velkomnir“.

Þetta málefni var á dagskrá:

1. „Framtíðarstarfsemi félagsins.“ Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Um þetta málefni urðu góðar umræður, og var því næst tekið af dagskrá.
Um inntöku í félagið sótti Jón Einarsson, og var það samþykt. Svo var sungið „Skagafjörður bygðin hjarta“. Fundi slitið.

Sigurður Ólafsson ritari

---

## Fundargjörð.

Þann 30 des. br 1914 var fundur haldinn, í Ungmennafél. „Hegri“ að Ríp. Á fundinum voru mættir allir félagsmenn. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Blessuð sértu sveitin mín“ o. s. frv.
Þetta málefni var á dagskrá.
1. „Vinna og vinnutími.“ Framsögumaður Sig. Ólafsson. Um þetta málefni urðu góðar umræður, og beindust þær í þá átt að hæfilegur vinnutími að vorinu væri 10 kl. stundir en að sumrinu 12 kl. stundir nema í sérstökum tilfellum því meira.
Um inntöku í félagið sótti Hallur Pálsson og var það samþykt. Að síðustu var sungið „Skín við sólu Skagafjörður“. Fundi slitið!

Sigurður Ólafsson ritari



## Félagar U.M.F. Hegri: árið 1915.

1. Bergur Magnússon Vatnskoti.
2. Einar Guðmundsson Ási.
3. Einar Ólafsson Hárastöðum.
4. Guðleif Guðmundsdóttir Ríp.
5. Guðný Jónasdóttir Beingarði.
6. Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti.
7. Hallur Pálsson Garði.
8. Hróbjartur Jónasson Ríp.
9. Jóhann Garibaldason Ási.
10. Jón Einarsson Ási.
11. Jón Jónasson Hróarsdal.
12. Magnús Gunnarsson Utanverðunesi.
13. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
14. Ólöf Guðmundsdóttir Ási.
15. Sigurður Ólafsson Hárastöðum.
16. Sæmundur Jónasson Naustavík.
17. Valdimar Guðmundsson Ási.
18. Þórarinn Jóhannsson Ríp.

# Fundargjörð.

Þann 7. Febr. 1915 var fundur haldinn að Ási í Ungmennafél. „Hegri“: Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Guð minn þökk sé þér.“ Á fundinum voru mættir allir félagsmenn, nema Magnús Gunnarsson, Jóhann Garibaldason og Hallur Pálsson, en utanfélags var Magnús Einarsson.

Fundarstjóri var Einar Guðmundsson, og nefndi hann til fundarskrifara Einar Ólafsson. Þar næst var lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án athugasemda.

Þessi málefni voru á dagskrá:

1. „Matjurtagarður Ungmennafélagsins.“ Framsögumaður Einar Ólafsson, og tóku þessir til máls um málefnið.

Framsögumaður 2 sinnum
Ólafur Sigurðsson 3 —
Hróbjartur Jónasson 3 —
Sæmundur Jónasson 2 —

Tillaga í málinu kom frá fundarstjóra og var hún svo hljóðandi. „Fundurinn álýtur að bezt sé að kjósa tvö menn til að sjá um garðinn og styng



ðj upp á Ólafi Sigurðssyni og Sæmundi Jónassyni og var það samþykt, og svo málið tekið af dagskrá.

2. „Samband málfundafélaga Skagafjarðar.“ Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Þessir tóku til máls í málinu.

Framsögumaður 2 sinnum
Einar Ólafsson 1 —
Hróbjartur Jónasson 1 —
Sæmundur Jónasson 1 —

Tillaga kom fram í málinu og hljóðaði þannig: „Fundurinn álýtur að bezt sé að láta það bíða að ganga í sambandið,“ og var það samþykt, og svo tekið út af dagskrá.

3. Tillaga kom frá Ólafi Sigurðssyni um að breyta fundargjörðunum að því leiti að hafa þær fullkomnari en hingað til hefir verið, og svo að skrifa hér eftir allar fundargjörðir, því að hingað til hafi verið lítið skrifað, og var það samþykt, og svo tekið af dagskrá.

Fundarstjóri skipaði fundarstjóra til næsta funda Þórarinn Jóhannsson, og til að koma með mál efni Sæmundur Jónasson, og lesa upp kvæði Ólaf Sigurðsson. Að síðustu var sungið „Þarna á bakk við þessa linda:“ Fundi slitið!

Einar Ólafsson (pt. ritari)

# Fundargjörð.

Þann 1. April var aðalfundur haldinn á Hellulandi í Ungmennafél. „Hegri“ Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Blessuð sértu sveitin mín“

Fundarstjóri var Þórarinn Jóhannsson og nefndi hann til skrifara Einar Ólafsson. Þar næst var fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþykt.

Störf fundarins voru þessi:

1. Reikningar félagsins lagðir fram og til að endurskoða þá, voru kosnir Ólafur Sigurðsson og Einar Ólafsson.
2. Kosin stjórn félagsins til næsta árs og hlutu kosningu: Ólafur Sigurðsson með 11 atkv. Magnús Gunnarsson með 11 atkv. og Sigurður Ólafsson með 11 atkv., og skifti stjórnin með sér störfum þannig. Ólafur Sigurðsson formaður, Magnús Gunnarsson gjaldkeri, Sigurður Ólafsson ritari. — Þetta málefni var á dagskrá:
3. „Hverjar eru framfarir í Hegranesinu nú síðustu 10 ár?“ Framsögumaður Sæmundur Jónasson. Þessir tóku til máls Framsögumaður 1 sinni
Ólafur Sigurðsson 1 —



Framsögumaður sagði að garðrækt hefði verið lítil í „Nesinu“ fyrir 10 árum en færi óðum vaxandi, enda fái þeir er vinni að garðrækt væri eins mikinn arð af henni, hlutfallslega eins og þingmenn hafi í kaup á dag (8 kr) og sé það því stórhagnaður að auka garðrækt. Vatnsveitingar til jarðræktar séu líka meiri en áður og svo hafi búfjárrækt, sérstaklega sauðfjárrækt tekið miklum framförum.

Ólafur Sigurðsson var á sama máli og framsögumaður, að miklar framfarir væru orðnar nú síðustu 10 árin, en áleit þó að félagslífinu væri einna mest ábótavant. En að efnalega sjálfstæði væri hreppurinn með bestu hreppunum sýslunnar. Fleira var ekki rætt um málið og það tekið af dagskrá.

4. Ólafur Sigurðsson las upp kvæði „Lýsing á hesti.“
5. Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Hróbjart Jónasson, og til að koma með málefni Einar Ólafsson, og til að lesa upp kvæði Sæmund Jónasson. Að endingu var sungið „Í heiðardalnum er heimbygð mín“: Fundi slitið.

Einar Ólafsson (í st. ritari)

# Fundargjörð.

Þann 21. Nóv. 1915 var fundur haldinn á Hellulandi í Ungmennafél. „Hegri“. Á fundinum voru mættir 2/3 félagsmanna, þessa varstaði: Magnús Gunnarsson Einar Guðmundsson, Jón Einarsson, Þórarinn Jóhannes, Hróbjart Jónasson og Guðleifu Guðmundsdóttir.

Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Vel er mætt til vina fundar“ o.s. frv.

Fundarstjóri var kosinn Sigurður Ólafsson í staðinn fyrir Hróbjart Jónasson er mætti ekki á fundinum, og nefndi fundarstjóri til skrifara Einar Ólafsson

Þetta málefni var á dagskrá:

1. „Starf félagsins á komandi ári.“ Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. Þessir tóku til máls.

| | |
|---|---|
| Framsögumaður | 9 sinnum |
| Sigurður Ólafsson | 4 — |
| Einar Ólafsson | 2 — |
| Ragnheiður Konráðsdóttir | 3 — |
| Sæmundur Jónasson | 4 — |
| Hallur Pálsson | 6 — |
| Valdimar Guðmundsson | 3 — |



| | |
|---|---|
| Jóhann Garibaldason | 2 sinnum |
| Bergur Magnússon | 1 — |

Umræður framsögumanns og ræðumanna skiftust: umræður um „hvort að félagið ætti að ganga í samband málfundafélag Skag. firðinga á þessu ári, og umræður um, hvort að félagið ætti að styrkja, Lestrarfélagið“ (er þá var nýstofnað) með einhverjum fjárstyrk.

Tillaga kom fram í málinu um að fresta að gera út um þessi mál af því að allir félagsmenn voru ekki mættir, og var þessi tillaga samþykt.

2. Tillaga kom fram frá Ólafi Sigurðssyni um að kjósa þriggja manna nefnd, til að undirbúa spurningar til næsta fundar, og láta félagsmenn svara þeim. Tillaga þessi var samþykt, og kosningu hlutu: Guðrún Guðjónsdóttir, Sigurður Ólafsson og Sæmundur Jónasson.

3. Um inntöku í félagið sótti Jón Jónasson frá Hvíarsdal og var það samþykt.

4. Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Valdimar Guðmundsson. Að síðustu var sungið „Blessuð sértu sveitin mín.“ Fundi slitið

Einar Ólafsson (p.t. ritari).

# Fundargjörð.

Þann 30. Des. 1915. var fundur haldinn í Rvík í Unglingafélaginu „Hegri". Á fundinum var mættur 2/3 hluti félagsmanna þessa vantaði Berg Magnússon Einar Guðmundsson. Jón Einarsson Jón Jónasson Jóhann Garibaldason og Magnús Gunnarsson.

Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Eldgamla Ísafold" o.s. frv.

Fundarstjóri var Valdimar Guðmundsson og nefndi hann til skrifara Ólaf Sigurðsson.

Störf fundarins voru þessi.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt án athugasemda.
2. „Hvaða tími ársins er skemtilegastur" (Málefni.) Framsögumaður Sigurður Ólafsson. Þessir tóku til máls um málefnið.

| | |
|---|---|
| Framsögumaður | 3 sinnum |
| Ólafur Sigurðsson | 3 — |
| Hróbjartur Jónasson | 2 — |
| Sæmundur Jónasson | 2 — |



Umræður framsögumanns og meiri hluta ræðumanna beindust í þá átt að vorið væri skemtilegasti tími ársins, einn ræðumaður hélt því fram að veturinn væri, skemtilegasti tími ársins. Fleira var ekki rætt um málið og það svo tekið af dagskrá.

3. „Hvaða matur er bestur" Framsögumaður Hróbjartur Jónasson. Þessir tóku til máls.

| | |
|---|---|
| Framsögumaður | 3 sinnum |
| Ólafur Sigurðsson | 3 — |
| Sigurður Ólafsson | 1 — |
| Sæmundur Jónasson | 1 — |

Um þetta málefni urðu fjörugar umræður og var enginn ræðumaður á sama máli um það, hvaða matur væri bestur, og var svo málið tekið út af dagskrá.

Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Hróbjart Jónasson og ritara „Hauks" Sæmund Jónasson.

Að síðustu var sungið „Fögur er vor fósturjörð"

Fundi slitið

Einar Ólafsson (p.t. ritari.)

# Félagar U.M.F. „Hegri" árið 1916.

1. Ármann Helgason Ríp
2. Bergur Magnússon Vatnskoti
3. Einar Guðmundsson Ási
4. Einar Ólafsson Kárastöðum
5. Guðleif Guðmundsdóttir Ríp
6. Guðný Jónasdóttir Beingarði
7. Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti
8. Hallur Pálsson Garði
9. Hróbjartur Jónasson Ríp
10. Jóhann Garibaldason Ási
11. Jón Einarsson Ási
12. Jón Jónasson Hróarsdal
13. Ólafur Sigurðsson Hellulandi
14. Ólöf Guðmundsdóttir Ási
15. Sigurður Ólafsson Kárastöðum
16. Sæmundur Jónasson Vatnskoti
17. Valdimar Guðmundsson Ási
18. Þórarinn Jóhannsson Ríp



## Fundargjörð.

Þann 16. Janúar 1916. var fundur haldinn að Ási í Ungmennafélaginu „Hegri"
Á fundinum voru mættir allir félagsmenn nema Ólafur Sigurðsson og Guðný Jónasdóttir.
Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Skagafjörður byggðin bjarta."
Fundarstjóri var Hróbjartur Jónasson og nefndi hann til skrifara Einar Ólafsson.
Störf fundarins voru þessi,

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
2. „Hverjir eru þörfustu menn þjóðarinnar." (Málshefjandi)
Framsögumaður Hallur Pálsson. Þessir tóku til máls.

| | |
|---|---|
| Framsögumaður | 5 sinnum |
| Sæmundur Jónasson | 3 — |
| Hróbjartur Jónasson | 3 — |
| Valdimar Guðmundsson | 1 — |
| Einar Guðmundsson | 1 — |

Framsögumaður áleit að þeir sem væru góðir forstöðumenn þjóðarinnar og svo bændur og góðir fjármenn væru þörfustu mennirnir.

og álit að ef menn ættu að kjósa hvort þeir vildu heldur vera læknis eða sýslumannslausir eitt ár að betra sé að vera lækníslaus heldur en sýslumannslaus. Hinir sem töluðu voru ekki að öllu leyti á sama máli og framsögumaður. Fundarstjóri bar upp tillögu hvort að menn vildu heldur ef að þeir ættu að kjósa um að vera læknis eða sýslumannslaus eitt ár, og voru 7 með því að betra væri að vera sýslumannslaus en 1 með því að vera lækníslaus hinir greiddu ekki atkvæði. og var svo málið tekið út af dagskrá.

3. „Hvaða staða er best“ Framsögumaður Jóhann Garibaldason. þessir tóku til máls í málinu. Framsögumaður 3. sinnum Jón Jónasson 2. sinnum Hróbjartur Jónasson 4. — Hallur Pálsson 2. — Sæmundur Jónasson 1 sinni

Og voru flestir sem töluðu með því að best væri að vera bóndi og svo var málið tekið af dagskrá.

4. Um inntöku í félagið sókti Ármann Helgason Rip og var það samþykkt. Fundarstjóri skipaði til næsta fundar Fundar[s]tjóra Ólaf Sigurðss. Svo var sungið „Ávarpjum vildi ég berast“

Fundi slitið / Einar Ólafsson p.t. ritari.



# Fundargjörð.

Þann 12 Marz 1916. var haldinn aðal-fundur í Ungmennafélaginu „Hegri“. að Ási. og byrjaði hann með því að sungið var „Skín við sólu Skagafjörður.“ Á fundinum voru allir félagsmenn mættir nema Þórarinn Jóhannsson Rip Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti og Guðný Jónasdóttir Beingarði. Fundarstjóri var Ólafur Sigurðsson og nefndi hann til skrifara Sigurð Ólafsson.

Störf fundarins voru þessi.

1. Lesnir upp og ræddir reikningar félagsins þessir tóku til máls.
   - Sigurður Ólafsson 1 sinnum
   - Ólafur Sigurðsson 2 —
   - Hróbjartur Jónasson 1 —
2. Kosin stjórn félagsins og hlutu þessir kosningu Sigurður Ólafsson 13. atkv. Ólafur Sigurðsson 11. atkv. og Einar Ólafsson 6 atkv. og skipti stjórnin með sér störfum þannig. Ólafur Sigurðsson formaður. Sigurður Ólafsson gjaldkeri og Einar Ólafsson skrifari.
3. Lesið upp blað félagsins af Jóni Jónassyni í Hróarsdal er var ritari þess.

4. „Hvaða skemtun er hollust?" (Málefni) Framsögumaður Ármann Helgason Rip. þessir tóku til máls.

| | | |
|---|---|---|
| Framsögumaður | 1 | sinnum |
| Hróbjartur Jónasson | 3 | — |
| Jón Einarsson | 1 | — |
| Sigurður Ólafsson | 1 | — |
| Sæmundur Jónasson | 2 | — |
| Hallur Pálsson | 2 | — |
| Ólafur Sigurðsson | 1 | — |

þeir er töluðu í málinu álitu að allar úti íþróttir væru hollar og góðar skemtanir. og auk þess gætu þær komið beint að notum í daglegu lífi manna svo sem. skauta og skíðaferðir o. fl. og að menn ættu að leggja sem mest kapp á þær. og var svo þettað mál tekið út af dagskrá.
Fundarstjóri skipaði til næsta fundar ritara blaðsins Hróbjart Jónasson og fundarstjóra Hall Pálsson í Garði.
Að síðustu var sungið „Ævangjum vildi eg verast."
Fundi slitið.
Sigurður Ólafsson p.t. ritari.



## Fundargjörð

Þann 24. April 1916 var fundur haldinn á Hellulandi í Ungmennafélaginu „Hegri"— Á fundinum voru mættir þessir félagsmenn. Ólöf Guðmundsdóttir Guðríður Guðjónsdóttir Ólafur Sigurðsson Sigurður Ólafsson Einar Ólafsson Sæmundur Jónasson Jóhann Garibaldason Jón Einarsson og utan félags Ragnheiður Konráðsdóttir.
Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Skagafjörður byggðin fríð". Fundarstjóri var kosinn Sæmundur Jónasson í staðinn fyrir Hall Pálsson er ekki mætti fundarstjóri nefndi ~~x~~ st. skrifara Einar Ólafss.
Störf fundarins voru þessi.
1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykt.
2. „Hvaða þýðingu hefur félagsskapur?" (Málefni) Framsögumaður Sæmundur Jónasson. þessir tóku til máls.

| | | |
|---|---|---|
| Framsögumaður | 1 | sinnum |
| Ólafur Sigurðsson | 2 | — |
| Einar Ólafsson | 1 | — |

þeir sem töluðu í málinu voru með því að félagsskapurinn væri nauðsynlegur og var svo tekið út af dagskrá.
3. „Hvaða gagn gerir söngur?" (Málefni) Framsögumaður Ólafur Sigurðsson. þessir tóku til máls í málinu

Framsögumaður 3 atkvæði
Sæmundur Jónasson 1 —
Sigurður Ólafsson 3 —
Ragnheiður Konráðsdóttir 3 —

Úrræður framsögumanns og ræðumanna beindust í þá átt að söngur væri nauðsynlegur og skemtilegur; og svo var málið tekið út af dagskrá.

4. „Matjurtagarður „Ungmennafélagsins" framsögumaður Sigurður Ólafsson. Þessir tóku til máls í málinu.

Framsögumaður 2 atkvæði
Ólafur Sigurðsson 1 —
Sæmundur Jónasson 1 —

Framsögumaður áleit að þar sem áburður í garðinn kostaði 50 aura hestinn myndi verða best að félagsmenn leggðu til einn hest af áburði hver og voru þeir sem töluðu með því. Tillaga kom fram í málinu og er hún þannig.„ Fundurinn álítur að þar sem áburður er svona dýr. að það sé best að hver meðlimur félagsins flytji einn hest af áburði í garðinn og var það samþykkt og svo tekið út af dagskrá.

Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Hall Pálsson og ritara „Hauks" Hróbjart Jónasson. Svo var sungið „Sjá roðann á hnjúkunum háu."

Fundi slitið. Einar Ólafsson (ritari)



Félagar U. M. F. „Hegri" árið 1917.

1. Ármann Helgason Eyhildarholti.
2. Bergur Magnússon Vatnskoti.
3. Einar Guðmundsson Ási.
4. Einar Ólafsson Hjaltastöðum.
5. Guðleif Guðmundsdóttir. Rip.
6. Guðný Jónasdóttir Beingarði.
7. Guðríður Guðjónsdóttir Vatnskoti.
8. Hallur Pálsson Garði.
9. Hróbjartur Jónasson Rip.
10. Jón Jónasson Hróarsdal.
11. Margrét Benediktsdóttir Garði.
12. Ólafur Sigurðsson Hellulandi.
13. Ólöf Guðmundsdóttir Ási.
14. Sigurður Ólafsson Hjaltastöðum.
15. Sæmundur Jónasson Vatnskoti.
16. Valdimar Guðmundsson Ási.
17. Vilhjálmur Jónasson Hróarsdal.
18. Þórarinn Jóhannsson Rip.

## Fundargjörð.

Þann 21 Janúar 1917 var aðalfundur haldinn á Hellulandi í Ungmennafélaginu „Hegri.“ Á fundinum voru mættir þessir félagsmenn Ólafur Sigurðss. Sigurður Ólafss. Einar Ólafss. Einar Guðmundss. Valdimar Guðmundss. Jóhann Garibaldas. Sæmundur Jónass. Hróbjartur Jónass. Jón Jónass. Ármann Helgas. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Því bláfjallageimur“ Fundarstjóri Ólafur Sigurðss. og fundarskrifari E. Ólafss.

Störf fundarins voru þessi:

1. Lesinn upp „Haukur“ blað félagsins af Hróbjarti Jónassyni er var ritari þess.
2. Lesnir upp reikningar félagsins af gjaldkera þess. Sigurði Ólafss. og samþykktir án athugasemda.
3. Stjórn félagsins kosin til næsta árs og hlutu þessir kosningu. Sigurður Ólafsson 9 atkv. Einar Ólafsson 6 atkv. Ólafur Sigurðsson 6 atkv. Stjórnin skipti með sér störfum þannig Sig. Ólafsson (formaður) Einar Ólafss. (gjaldkeri) Ólafur Sigurðss. (skrifari)
4. Framtíðarstarfsemi félagsins (Málefni) Framsögum.



Ólafur Sigurðsson. Þessir tóku til máls í málinu:

Ólafur Sigurðsson 4 sinnum — Sigurður Ólafsson 1 sinni
Hróbjartur Jónasson 3 — Einar Ólafsson 1 —
Sæmundur Jónasson 3 — Valdimar Guðmundss. —
Jón Jónasson 2 — Einar Guðmundsson —

Umræður framsögumanns og ræðumanna skiftust:

1. Hvort félagið ætti að ganga í „Samband Málfundafélaga Skagafjarðar“ á þessu ári og voru ræðumenn með því. Tillaga kom fram í málinu frá Ólafi Sigurðss. og er hún þannig. „Fundurinn álítur sjálfsagt að félagið gangi í „Samband Málfundafélaga Skagafjarðar“ en með því skilyrði að það megi ganga úr Sambandinu ef að lögum þess er breytt að því leyti að félagar megi ekki vera í tveim félögum.“ samþykkt.
2. Fótbolti. Allir voru á sama máli um að sjálfsagt væri að kaupa fótbolta og var Valdimar Guðmundsson kosinn til þess að útvega hann. Síðan var málið tekið af dagskrá.
4. Kosnir tveir menn til þess að mæta á fundi „Sambands Málfundafélaga Skagafjarðar“ Kosningu hlutu. Sigurður Ólafsson 7 atkv. Ólafur Sigurðsson 6 atkv.

Fundarstjóri skipaði til næsta fundar ritara „Hauks“ Jóhann Garibaldas. Fundarstjóra Einar Guðmundss. Að síðustu var sungið „Blessuð sértu sveitin mín“.

Fundi slitið (Einar Ólafss.) p.t. ritari

Fundargjörð

Sunnu 18 Febrúar 1917. var haldinn fundur að Ási í Ungmennafélaginu „Hegri“ Á fundinum voru mættir allir félagsmenn nema Ólafur Sigurðsson

Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Ó fögur er vor fósturjörð o.s. frv.

Fundarstjóri var Einar Guðmundss og fundarskrifari Einar Ólafs.

Störf fundarins voru þessi:

1. Lesin upp „Haukur“ blað félagsins af ritara þess. Jóhanni Garibaldasyni

2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og urðu nokkrar umræður um hana viðvíkjandi fótboltanum er beindust í þá átt að fótboltinn yrði ekki borgaður úr félagssjóði og kom svohljóðandi tillaga fram frá Sigurði Ólafssyni. „Fundurinn álítur réttast að fótboltinn sé keyptur af samskotum en ekki af sjóði félagsins til þess að fyrirbyggja óánægju í félaginu“ og var tillaga þessi samþykkt með öllum atkvæðum, síðan var fundargerðin borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum án frekari breytinga.



3. „Matjurtagarður“ Ungmennafélagsins. (Málshefj.)

Framsögumaður Sigurður Ólafsson. X1

Þessir tóku til máls í málinu

Framsögumaður 1 sinni

Sæmundur Jónasson 1 —

Hróbjartur Jónasson 1 —

Umræður framsögumanns og ræðumanna beindust mest í þá átt að það þyrfti að koma áburði í garðinn og kom svohljóðandi tillaga frá Sigurði Ólafssyni „Fundurinn ákveður að þeir félagsmenn sem ekki unnu ~~að~~ við garðinn síðastliðið haust og vor sjái um flutning á áburði í garðinn sem fyrst félaginu að kostnaðarlausu“ og var tillagan samþykkt með öllum atkvæðum og svo var málið tekið út af dagskrá

Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Þórarinn Jóhannsson og ritara „Hauks“ Ármann Helgason.

Að síðustu var sungið „Þú fósturjörðin fríð og kær“ o.s. frv.

Fundi slitið.

Einar Ólafss. pt ritari

## Fundargjörð.

Þann 11 Martz 1917 var fundur haldinn að Vatnskoti í Ungmenna félaginu „Hegri“
Á fundinum voru mættir þessir félagsmenn
Ólafur Sigurdss. Sigurdur Ólafsson Einar Ólafsson, Sæmundur Jónasson Jón Jónasson Bergur Magnússon, Einar Gudmundsson Ármann Helgason.
Fundurinn byrjaði með því sungið var „Fjalladrottning“.
Fundarstjóri var kosinn Sigurdur Ólafsson og nefndi hann til skrifara Ólaf Sigurdsson.

Störf fundarins voru þessi:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt án athugasemda.
2. Lesið upp blað félagsins af ritara þess Ármanni Helgasyni.
3. Eiga konur að hafa jafnrétti við karlmenn? (Málefni) Framsögumaður Jón Jónasson. Þessir tóku til máls: málinu

| | |
|---|---|
| Framsögumadur. | 4 sinnum |
| Ólafur Sigurdsson | 2 — |
| Sigurdur Ólafsson | 2 — |
| Sæmundur Jónasson | 1 — |
| Einar Gudmundsson | 1 — |



Umræður um þetta málefni urðu fjörugar og var meiri hluti ræðumanna með því að konur ættu að hafa jafnrétti við karlmenn. Og svo var málið tekið út af dagskrá.

4. Hvaða gagn er að sandkindinni? (Málefni) Framsögumaður Bergur Magnússon. Þessir tóku til máls.

| | |
|---|---|
| Framsögumadur | 1 sinni |
| Sæmundur Jónasson | 2 — |
| Ólafur Sigurdsson | 1 — |
| Einar Gudmundsson | 2 — |
| Ármann Helgason | 1 — |
| Jón Jónasson | 1 — |
| Sigurdur Ólafsson | 1 — |

Umræður framsögumanns og ræðumanna beindust í þá átt að menn hefðu misjafnlega mikinn ágóða af sandkindinni, því það væri svo misjafnt hvað jarðirnar væru vel til þess fallnar að stunda í þeim sandfjárrækt. og svo var málið tekið út af dagskrá.

5. Ólafur Sigurdss. las upp nokkur kvæði eftir Stephan G. Stephansson. — Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Þórarinn Jóhannss. og ritara „Hauks“ Berg Magnússon.
Að síðustu var sungið „Heill þér fold“ o. s. frv. Fundi slitið.

Ólafur Sigurdss. (p.t. ritari)

# Fundargjörð.

Þann 17 Mai 1917 var haldinn fundur í Hellulandi í Ungmennafélaginu „Hegri“

Á fundinum voru mættir allir félagsmenn nema Ólöf Guðmundsdóttir Guðný Jónasdóttir Einar — Guðmundsson Valdimar Guðmundsson Bergur Magnúss.

Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Blessuð sértu sveitin mín“ o. s. frv.

Fundarstjóri var Þórarinn Jóhannsson og nefndi hann til fundarskrifara Einar Ólafsson.

Störf fundarins voru þessi.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt án athugasemda.
2. Lesin upp „Haukur“ blað félagsins af Einari Ólafs. (sökum þess að ritarinn mætti ekki á fundinum.)
3. „Framtíðar-starfsemi-félagsins. (Málefni:)

Framsögumaður Sigurður Ólafsson

Þessir tóku til máls í málinu

Framsögumaður 2 sinnum
Hróbjartur Jónasson 4 —
Sæmundur Jónasson 1 —



Ólafur Sigurðsson 1 sinni
Hallur Pálsson 1 —

Umræður framsögumanns og ræðumanna beindust í þá átt að félagið heyjaði í sumar einn eða tvo sunnudaga, og til þess að fá handa félaginu engi og fólk til þess að þurka heyið o.s.frv. Fundurinn samþykti að kjósa þriggja manna nefnd til þess að koma þessu í framkvæmd ef að hægt væri. Kosningu hlutu. Sigurður Ólafsson Hróbjartur Jónasson Hallur Pálsson. Og svo var málið tekið út af dagskrá.

Fundarstjóri skipaði til næsta fundar, fundarstjóra Einar Ólafsson og ritara „Hauks“ Jón Jónasson.

Að síðustu var sungið „Þú bláfjallageimur“ o.s.frv.

Fundi slitið

Einar Ólafsson. (p.t. ritari)

## Fundargjörð.

Þann 18 Nóvember 1917. var fundur haldin í Hellulandi í Ungmennafélaginu „Hegri"
Á fundinum voru mættir allir félagsmenn nema Árnann Helgason.
Fundurinn byrjaði með því sungið var „Blessuð sértu sveitin mín o. s. frv."
Fundarstjóri var Sigurður Ólafsson og nefndi hann til fundarskrifara Einar Ólafsson

Störf fundarins voru þessi.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt án athugasemda.
2. „Störf félagsins á komandi ári." (Málefni.)
   Framsögumaður Sigurður Ólafsson
   þessir tóku til máls í málinu.

   Framsögumaður 5 sinnum
   Hróbjartur Jónasson 6 —
   Sæmundur Jónasson 3 —
   Hallur Pálsson 3 —
   Einar Guðmundsson 1 —
   Valdimar Guðmundsson 1 —



Málefni þetta skiftist í 1. Fundir og Fundarstaðir í vetur. Framsögumaður áleit að best væri fyrir félagið að fundir væru haldnir altaf á sama stað.
Tillaga kom fram í málinu og er hún þannig. Fundurinn álítur að best sé að fundir séu haldnir einu sinni í mánuði, og ekki allir á einum stað heldur, eins og að undanförnu.

2. „Heyfordabúr." Framsögumaður áleit að félagið ætti að útvega sér engi í vetur og heyja að sumri.
   Framsögumaður bar fram tillögu í málinu og er hún þannig. Fundurinn álítur að félagið ætti að ~~[illegible]~~ útvega sér engi í vetur og heyja svo að sumri, einn eða tvo sunnudaga. Og svo var málið tekið út af dagskrá.
3. Um inntöku í félagið sókti Vilhjálmur Jónasson Hróarsdal og var það samþykt með öllum atkvæðum

Að síðustu var sungið „Vel er mætt til vina fundar o. s. frv."

Fundi slitið

Einar Ólafsson (pt. ritari)

# Fundargjörð.

Þann 30 Desember 1917 var fundur haldinn í Garði í Ungmennafélaginu „Hegri"
Allir félagsmenn mættir nema 4 menn Helgason
Fundurinn byrjaði með því að sungið var
„Blessuð sértu sveitin mín o.s. frv"
Fundarstjóri var Sigurður Ólafsson og nefndi
hann til fundarskrifara Sæmund Jónasson
Störf fundarins voru þessi.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþ. án athuga
2. Lesin upp „Skuggi" af Sigurði Ólafssyni er var ritari þess
3. Þar næst rætt málefni. Framsögumaður Sigurður Ólafsson. Málefnið var hvort að félagið ætti ekki að reyna að halda skemtisamkomu og fékk það góðar undirtektir Kosinn var þriggja manna nefnd til þess að útvega samkomustað og sjá um að þettað gæti gengið þeir sem að kosningu hlutu voru Þórarinn Jóhannes Hróbjartur Jónass. Einar Guðmundss. þeir sem tóku til máls í málefni þessu
Framsögumaður 3 sinnum Hróbjartur Jónass. 4 sinnum
Ólafur Sigurðsson 3 — Hallur Pálsson 2 —
Sæmundur Jónasson 1 sinni, síðan var málið tekið út af dagskrá.



4. Framsögumaður að öðru Málefni sem rætt var. Var Ólafur Sigurðsson. Málefnið var þess efnis að setja ætti Móðurmálsvörð í Ungmennafélaginu til þess að kritísera eða leiðrétta slettur sem að töluð yrðu á fundum, og fékk þettað góðar undirtektir, (dönsku blendin orð.) þeir sem kosnir voru Móðurmálsverðir voru Hallur Pálsson og Þorbjörg Guðjónsdóttir. þessir tóku til máls í málinu
Framsögumaður 4 sinnum Sigurður Ólafsson 3 sinnum
Hróbjartur Jónass. 4 — Hallur Pálsson 2. —
Jón Jónasson 3 — Síðan var mál þettað tekið af dagskrá
5. Lesið upp bréf frá Stjórn „Sambands Málfundarfélaga Skagafjarðar" og lög sambandsins voru einnig lesin upp.
Fundurinn samþykti með öllum atkvæðum að ganga í Sambandið
6. Um inntöku í Ungmennafélagið sótti Margrét Benediktsdóttir í Garði og var hún samþykt með öllum atkvæðum.

Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Jón Jónasson. og til þess að koma með Málefni Hall Pálsson.
Að síðustu var sungið „Þar sem háir hólar"

Fundi slitið.

Sæmundur Jónass. (fundarskrifari)

Umsókn U.M.F. „Hegri" í S.M.F.S.

Karastöðum 1917.

Hér með beyfir Ungmennafélagið „Hegri" sér að sækja um inntöku í Sambandmálfunda félaga Skagafjarðar. og ganga undir allar núgildandi reglur og lög Sambandsins.

Virðingarfyllst.

Ungmennafélagið „Hegri"

Til

Sambands-málfundafjelaga Skagafjarðar.

Svar frá S.M.F.S. til U.M.F. „Hegri"

Í síðastliðnum mánuði barst mér bréf frá Ungmennafélaginu „Hegri" þar sem það sækir um upptöku í Sambandmálfunda-félaga Skagafjarðar.

Stjórn sambandsins hefir átt tal um þetta, og sér ekkert því til fyrirstöðu, að þetta geti gengið, svo framt sem ungmenna fél. uppfylli allar þær skyldur ~~sem~~ er 4. gr. sambandslaganna getur um.



Er það þá fyrst að senda sambandsstjórn samþykkta fundargjörð er sýni að minst $\frac{2}{3}$ hlutar félagsmanna hafi verið því samþykkir að ganga í sambandið, og annað að senda sambandsstjórn félagaskrá og lögboðinn skatt af öllum meðlimum sínum (30 aura af hverjum sbr. 5. gr sambandsl. þriðja lið.)

Þetta tvent veggja verður að koma til sambandsstjórnar í síðasta lagi á aðalfundi sambandsins – sem síðar verður auglýstur – því þangað tel ég sjálfsagt að ungmennafélagið sendi fulltrúa, en til þess að þeir hafi rétt til að sitja aðalf. verður það að hafa greitt skattinn.

Hvað lög ungmennafélagsins snertir, þá held ég að þar sé ekkert er beint brjóti í bága við lög sambandsins. Þó má athuga að í ungmennafél. lögunum er, svo fyrir mælt að aðalfundur þess skuli haldinn í janúar, en aðalfund sambandsins á að réttu lagi að halda í desember. Nú er heppilegast að aðalfundur ungmennaf. sé afstaðinn þá er aðalf. samb. er haldinn og getur þetta því rekist.

Vona ég fastlega að samvinna megi takast.

Með virðingu.

Völlum 15. des. 1917. Fyrir hönd sambandsstjórnarinnar

Haraldur Jónasson. (formaður.)

# Félagar U. M. F. Hegri árið 1918.



8" Fundargjörð

Þann 27 Januar 1918 var fundur haldinn að Ási í Ungmennafélaginu „Hegri."
Tveir þriðju félagsmanna mættir á fundinum.
Fundarstjóri Jón Jónasson og nefndi hann til fundarskrifara Sæmund Jónasson.
Þar næst lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án athugasemda. Þar næst rætt Málefni framsögumaður Ólafur Sigurðsson málefnið var um fræðslu barna. sérstaklega umræður á þá leið að afnema [illegible] skólaskyldu því hún væri óþarfleg fyrir börnin, að skylda þau til að læra hvort þau gætu eða ekki. Þeir sem tóku til máls í máli þessu voru.
Framsögumaður 3 sinnum  Jón Jónasson 3 sinnum
Guðmundur Ólafss. 2 —  Sæmundur Jónasson 1 —
síðan var málefnið þettað tekið út af dagskrá.
Um inntöku í félagið sótti Jónas Jónasson í Hróarsdal og var það samþykt. Fundarstjóri skipaði til næsta fundar fundarstjóra Hróbjart Jónass. til þess að koma með málefni Hall Pálss. í Garði að endingu var sungið „Til austurheims vil eg halda o. s. frv." (Fundi slitið)

Sæmundur Jónasson (fundarskrifari.)

Fundargjörð

Þann 10. febrúar 1918 var fundur haldinn á Ríp í Ungmannafélaginu Hegri.
Á fundinum voru mættir allir félagsmenn.
Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Vel sé mælt til vinafundar.“ Fundarstjóri Hróbjartur Jónasson fundarskrifari Ólafur Sigurðsson
Störf fundarins vóru þessi.
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án athugasemda.
2. Lesnir upp reikningar félagsins af Einari Ólafssyni er var gjaldkeri þess.
3. Kosin stjórn félagsins til næsta árs og hlutu þessir kosningu Hróbjartur Jónasson með 16 atkv. Sigurður Ólafsson ~~x~~ með 13 atkv. og Hallur Pálsson með 16 atkv. Stjórnin skifti með sér störfum þannig að Hróbjartur var form. Hallur Pálsson. skrifari og Sigurður gjaldkeri.
4. Kosnir til þess að mæta á fundi „Sambands Málfundafélaga Skagafjarðar Sig. Ólafsson með 10 atkv og Hallur Pálsson með 8 atkv.



5. Tillaga kom frá Hrobjarti J. og er hún þannig þar sem félagið getur fengið að halda fundi hér á Ríp fyrir fimm kr. hvern fund. þá er það líklega heppilegast fyrir félagið að taka því Tillaga þessi var samþykt með 9 atkv á móti 8 atkv.
Fundarstjóri ~~nemdi~~ nefndi til fundarstjóra Þórarinn Jóhannsson, til þess að koma með málefni Hall Pálsson og ritara „Hauks“ Ólöfu Guðmundsdóttir.
Að síðustu var sungið „Skagafjörður byggðin bjarta“

Fundi slitið

Ólafur Sigurðsson (fundarskrifari)

# Fundargjörð

Þann 17. Marts var fundur haldinn á Rip í ungmannafélaginu „Hegri".
Á fundinum voru mættir allir meðlimir nema Ólafur Sigurðsson og Jónas Jónasson.
Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Vel er mætt til vinafundar" o.s.fr. fundarstjóri var Þorvarinn Jóhannsson og skrifari Einar Ól.
Störf fundarins voru þessi.
1. Lesinn uppi Haukur af Ólöfu Guðmundsd.
2. Skýrt frá störfum sambandsfundar af Sig. Ól. það sem gerðist á fundinum voru mest lagabreytingar.
3. Reikningar fél félagsins samþyktar án athugasemda.
4. Heyforðabúr (málefni) Framsögumaður Sig. Ól. Þessir töku til máls í málinu framsögum. 3 sinnum Hróbjartur J. 3 s. Sæmundur J. 5 s. Hallur Pálsson 2 s. Einar Guðmundsson 1 s. Jón Jónasson 1 s..
Umræður framsögumanns og ræðumanna beindust í þá átt að félagið reyndi að heyja í sumar, tillaga kom í málinu frá stjórn félagsins. og er þannig stjórnin á telur best að kjósa 3 þriggja manna ~~nefnd~~ nefnd til þess að sjá um framkvæmd verksins, fundurinn feldi tillögu þessa, en samþykti að fela stjórn félagsins að sjá um framkvæmd verksins, svo var málið tekið útaf dagskrá.
5. „Matjurtagarður" (~~málefni~~) ungmannafélagsins framsögum. Sig. Ól. þessir töku til máls í málinu, framsögum. 3 s. Hróbjartur J. 6 s. Hallur Pálsson 2 s. Sæm. 2 s. Einar Guðmundsson 1 s. Tillaga kom fram í málinu og er hún þannig. Félagið fresti að rækta matjurtagarð sinn um eitt ár þar sem framsögum. ætli að gera það fyrir fél agið að ef hann fái útsæði félagsins í vor þá skuli hann láta félagið fá jafnmikið af útsæði að vetri ef að félagið vilji þá halda garðræktinni áfram, tillaga þessi var samþykt með öllum atkv og síðan var málið tekið útaf dagskrá.
6. Hvaða afl er sterkast í framkvæmdalífinu? (málefni) framsögumaður H. P. þessir töku til máls í málinu framsögumaður 2 s. Hróbjartur Jónasson 2 s. Sig. Ól. 1 s. Umræður framsögum. og ræðum.

beindust í þá átt að af öllum þeim mörgu öflum
er þar réðu mundi viljinn verða sterkasta aflið
svo var málið tekið útaf dagskrá
Skipaðir til næsta fundar, fundarstjóri Guðný
Jónasdóttir til að koma með málefni Bergur Magnús.
og ritari „Hauks" Margrét Benediktsdóttir
að síðustu var sungið
Þú vorgyðjan svífur úr suðrænum geim o.s.fr.
Fundi slitið
Einar Ólafsson (fundarskrifari)

# Fundargjörð

Þann 29. Des. 1918. var fundur haldinn í Garði
í U. M. F. Hegri Á fundinum var meiri hluti
félagsmanna mættir Fundurinn byrjaði með því að
sungið var „Fjalladrottning móðir mín" Fundarstjóri
Hróbjartur Jónasson og fundarskrifari Einar Ól.
Störf fundarins voru þessi:
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþ.
2. Lesin upp Haukur af Halli Pálsyni
3. Heyfordabúr (Málefni) framsögum. Hróbjartur J.
Þessir tóku til máls framsögumaður 7 s.
Sig. Ól 5 s. Hallur Pálsson 5 s. Sæm. J. 4 s.
Ólafur Sig 2 s. Jón Jónasson 2 s Einar G. 1 s
Þórarinn Jóhannsson 1 s. Tillaga kom fram í
málinu að auglýsa hey félagsins til sölu á
Skrök og fá tilboð frá kaupendum fyrir næsta
fund, samþykt með öllum atkvæðum
4. Fótbolti (málefni) framsögum. Hróbjartur J.
Þessir tóku til máls, framsögum. 5 s. Ól. Sig. 6 s.
Sig. Ól. 4 s. Sæm J. 3 s. Hallur Pálsson 5 s.

Jón Jónasson 2 s. Þórarinn Jóhannsson 2 s.
Umræður gengu í þá átt að félagsmenn
keyptu fótbolta með samskotum en ekki af félagssjóð
og utanfélagsmönnum gæfist jafnt kostur á að
iðka knattspyrnu sem félagsmönnum án þess
þeir þyrftu að ganga í félagið, var þetta mál
svo samþykt og tekið útaf dagskrá.
5 Matjurtagarðar félagsins (málshefj.) Framsögum.
Ól. Sig. þessir tóku til máls: Framsögum. 7 s.
Sig. Ól. 4 s. Hróbjartur 4 s. Jón Jónasson 1 s.
Hallur Pálsson 3 s. Sæm. J. 1 s. Þórarinn J. 1 s.
Umræður snerust í þá átt hvort félagið ætti
að halda garðyrkju áfram eða ekki, þar sem engin
garðyrkja var stunduð síðastliðið sumar af því
að félagsmenn höfðu önnur störf að vinna og
mundu heldur ekki komast til þess á næstkomandi sumri
Tillaga kom fram frá framsögum. svo hljóðandi
„Fundurinn álítur réttast að selja girðingarefni
og útsæði félagsins og hætta garðyrkju með öllu“.
Tillaga þessi var feld, en svo hljóðandi aukatillaga
frá Sig. Ól. samþykt „Fundurinn álítur réttast
að fresta því að selja girðingu og útsæði félagsins
fyrst um sinn af því að fél. er ekki búið að
útvega og tryggja sér engi til að geta unnið
að heyvinnu næsta sumar“ Var aukatillaga
þessi samþykt og var málið svo tekið útaf dagskrá
Skipaðir til næsta fundar Ólafur Sigurðsson
fundarstjóra, ritari að Hauk Jón Jónasson
að síðustu var sungið „Eldgamla Ísafold“

Fundi slitið

Einar Ólafsson (fundarskrifari)

## Fundargjörð

Þann 12. jan. 1917 var fundur haldinn í ungmannafélaginu „Hegri" á Hellulandi á fundinum var mættur helmingur félagsmanna Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Blessuð sértu sveitin mín" Fundarstjóri Ólafur Sig. fundarskrifari Einar Ólafsson.

Störf fundarins voru þessi.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt
2. Framtíðarstarfsemi félagsins (málefni) framsögumaður Sig. Ólafsson. Þessir tóku til máls í málinu frams. 4 sinnum Ólafur Sigurðsson 3 sinnum Sæm. Jónasson 6 sinnum Einar Guðmundsson 2 sinnum Hallur Pálsson 3 sinnum Jón Jónasson 1 sinni.

Umræður framsögumanns og ræðumanna beindust mest í þá átt, að félagið reyndi að útvega sér engi og heyja næsta sumar, en þar sem félagsmenn eru ekki allir mættir álítur fundurinn réttast að fresta þessu málefni til næsta fundar síðan var málið tekið útaf dagskrá.

3. Heimilisiðnaður (málefni) framsögumaður Jón Jónasson, þessir tóku til máls í málinu Framsögumaður 6 sinnum Ól. Sig. 3. sinnum Sæmundur Jónasson 6 sinnum Hallur Pálsson 2 sinnum Sig. Ólafsson 1 sinni Ármann Helgason 2 sinnum Einar Guðmundsson 1 sinni Umræður um þetta málefni urðu fjörugar og voru ekki allir ræðumenn á sama máli um gagn heimilisiðnaðarins, svo var málið tekið útaf dagskrá, Fundarstjóri skipaður til næsta fundar Einar Guðmundsson.

Að síðustu var sungið.

„Syngið við hörpu hreimfagurt lag."

Fundi slitið

# Fundargjörð

Þann 23 febr. var fundur haldinn að Ási í ungmennafélaginu „Hegri“ Á fundinum voru mættir allir félagsmenn. Fundurinn byrjaði með því að sungið var. „Vel er mælt til vina fundar“ Fundarstjóri var Einar Guðmundsson og skrifari Einar Ól.

Störf fundarins voru þessi

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
2. Lesinn upp „Haukur“ blað félagsins
H. af Jóni Jónassyni er var ritari þess.
3. Framtíðarstarfsemi (málefni) framsögum. Sigurður Ólafsson þessir tóku til máls í málinu. Framsögumaður 2 sinnum Hallur Pálsson 2 sinnum Sæm Jónasson 2 sinnum Ólafur Sigurðsson 1 sinni Hróbjartur Jónasson 1 sinni. Umræður um málið beindust mest í þá átt að félagið heyjaði næsta sumar og ef hægt væri, að taka kaupamann eina viku. Hey félagsins selt Jóni Jónassyni í Eyhildarholti fyrir eitt hundrað og fjórtán krónur

svo var málefni þetta tekið útaf dagskrá

4. Reikningar félagsins lesnir upp af Sigurði Ólafsyni, þessir tóku til máls um reikningana Sig. Ólafsson 2 sinnum Sæm. Jónasson 1 sinni þar næst voru reikningarnir samþyktir án athugasemda.
5. Kosið í stjórn félagsins og hlutu þessir kosningu. Sæmundur Jónasson með 8 atkvæðum Hallur Pálsson með 6 atkv. Sigurður Ólafsson með 5 atkv. Stjórnin skipaði með sér störfum þannig að Sæmundur varð formaður Sigurður gjaldkeri og Hallur ritari.
6. Til þess að mæta á fundi „Sambands málfundafélaga Skagafjarðar“ hlutu kosningu Sigurður Ólafsson með 7 atkv. og Hallur Pálsson með 6 atkv.
7. Um friðun fugla og eggja (málefni) Framsögumaður Hallur Pálsson þessir tóku til máls í málinu. Framsögumaður 3 sinnum Ólafur Sigurðsson 1 sinni Jón Jónasson 1 sinni Sæm Jónasson 1 sinni Hróbjartur Jónasson 2 sinnum

Sigurður Olafsson 1. sinni Umræður um þetta málefni beindust í þá átt að gjöra þyrfti samþykt um takmörkun á eggjatöku, svo var málið tekið útaf dagskrá.
8. Móðurmálsvörður (málefni) Framsögumaður Jón Jónasson. Þessir tóku til máls framsm. 5 sinnum Hallur Pálsson 2 sinnum Hróbjartur Jónasson 1 sinni Olafur Sig 1. sinni Sigurður Olafsson 1. sinni. Umræður urðu fjörugar og kom fram tillaga í málinu frá framsm. og er hún þannig „Fundurinn álítur sjálfsagt að hafa móðurmálsvörð" tillaga þessi var feld og svo var málið tekið útaf dagskrá.
Skipaður fundarstjóri til næsta fundar Sæm. Jónasson Beðað koma með málefni ~~Olafur Sig.urðsson~~ Sig. Olafsson og ritara „Hauks" ~~Jónas~~ Jónasson
Að síðustu var sungið „Ó, veglega jörð"

Fundi slitið.

# Fundargjörð

Þann 23. marts var fundur haldinn í Vatnskoti í Ungmennafélaginu „Hegri" á fundinum voru mættir flestir félagsmenn Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Eldgamla Ísafold" Fundarstjóri Sæm. Jónasson og fundarskrifari Sig. Olafsson.

Störf fundarins voru þessi

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
2. Lesinn upp „Haukur" blað fél. af ritara þess
3. Skýrt frá störfum sambandsfundar af Halli P. Þessir tóku til máls: Framsögumaður 2 sinnum Sig. Olafsson 3 sinnum Olafur Sigurðsson 2 sinnum Sæm. Jónasson 2 sinnum
4. Almenn elli~~s~~trygging alþýðu (málefni) framsögumaður Sigurður Olafsson. Þessir tóku til máls í málinu. Framsögumaður 3 sinnum Hallur Pálsson 3 sinnum Olafur Sigurðsson 2 sinnum Sæm. Jónasson 2 sinnum. Umræður urðu nokkrar um þetta málefni en engin fundarályktun tekin og svo tekið út af dagskrá.

5. Heyskapur til. á næsta sumri (málefni)
Framsögumaður Sæm. Jónasson þessir tóku
til máls. Frams. 2 sinnum Sig. Ólafsson 2 sinnum
Ólafur Sigurðsson 1. Umræður beindust í þá
átt að félagsmenn störfuðu að heyvinnu á
næsta sumri — allir einn sunnudag — og tekinn
kaupamaður Jón Jónasson 1 viku, til að
þurka heyið.
6. Fundarstjóri skipaður til næsta fundar
Einar Guðmundsson og til að koma með
málefni Ólafur Sigurðsson, svo var sungið:
„Blessuð sertu sveitin mín"

Fundi slitið.

# Fundargjörð

Þann 27. april 1919 var fundur
haldinn á Hellulandi í Ungmanna-
félaginu „Hegri" Á fundinum voru
mættir flestir félagsmenn.
Fundurinn byrjaði með því að sungið var
„Þú vorgyðjan svífur úr suðrænum geim" o.s.fr.
Fundarstjóri Ármann Helgason
Fundarskrifari Einar Ólafsson

Störf fundarins voru þessi.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþ. án athugasemda
2. Er dansinn nauðsinlegur fyrir æskufólkið
(málefni) framsögum. Sæmundur Jónasson
þessir tóku til máls. Framsögum. 4 s.
Sig. Ól. 1. sinni Hallur Pálsson 2 sinnum
Ármann Helgason 5 sinnum Jón Jónasson
4 sinnum. Umræður um þetta mál urðu
fjörugar og kom engin tillaga fram í málinu
svo var málefni þetta tekið útaf dagskrá

3. Nýbýli og grasbýli: Málefni
Framsögumaður Hallur Pálsson
þessir tóku til máls Framsögum. 4 s.
Sig. Ólafsson 4 sinnum Sam. Jónass.
3 sinnum Ól. Sigurdsson 4 sinnum.
Umræður um þetta málefni urðu
fjörugar og voru ræðumenn ekki sam-
mála, engin tillaga kom fram í málinu
og var svo málefni þetta tekið út af dagskrá.
Fundarstjóri skipaður til næsta fundar
Hallur Pálsson. Ritari Hauks Einar Ól.
og til þess að koma málefni Ól. Sig.
Að síðustu var sungið.
„Þú bláfjallageimur" o sv. fr.
Fundi slitið
Einar Ólafsson fundarskr.

# Fundargjörð

Þann 11. janúar 1920 var haldinn fundur í Gardi í Ungmannafélaginu „Hegra“ Á fundinum voru mættir flestir félagsmenn. Fundurinn byrjaði með því að sungið var „Blessuð sértu sveitin mín“ Fundarstjóri Sam. Jónasson og fundarskrifari Einar Olafsson

Störf fundarins voru þessi
Framtíðarstarfsemi félagsins (málefni)
Framsögum. Sam Jónasson Þessir tóku til máls. Framsögum. 3 sinnum
Sigurður Olafsson 4 sinnum
Hallur Pálsson 4 —
Jón Jónasson 4 —
Ármann Helgason 2 —
Umræður um þetta málefni beindust í þá átt hvort félagið ætti að selja strags, eða láta bíða, að selja hey það er félagið lét heyja síðasta sumar og ákvað fundurinn að selja heyið strags ef að fengist fyrir það 400 kr. svo var málið tekið útaf dagskrá
Fundarstjóri skipaður til næsta fundar Hallur Pálsson og ritari Hauks Þór Jónasson
Að síðustu var sungið „Eldgamla Ísafold“
Fundi slitið.

Einar Olafsson (fundarskrifari)

Jón J[...]son 4 ——
Ármann Helgason 2 ——
Umræður um þetta málefni beina[...]
í þá átt hvort félagið ætti að s[...]
stags, eða láta bíða, að selja [...]
það og félagið lét heyja síðasta[...]

# Mörk í Rípurhreppi 1930

| hægra | vinstra | Nöfn Heimili |
|---|---|---|
| Sneitt | heilrifa | Magnús H Gíslason eldri Eiðh[illegible] |
| "–" | "–" gagnfjaðrað | Jón H Jónasson Hvíandal |
| "–" | stúfrifa, gagnbita | Sigurður Helgason Hamri |
| "–" | sýlt fjöður fr. | Valtýr Gíslason Ríp |
| [illegible] | "–" "–" | Gísli Jakobsson Ríp |
| biti fr. | sýlt | Guðm. Ólafsson Ási |
| biti 2 fr. | sýlt | Magnús Ásgrímsson Rein |
| biti a | Vaglskora fr. | Páll Pálsson Garði |
| blaðstýft fr | sýlt gagnbita | Benidigt Haldórsson Kádal |
| blaðstýft fr fja. | | Helgi Pjetursson Hamri |
| blaðstýft fr gat. | heilrifa gagnf | Páll H Jónasson Hvíandal |
| blaðstýft a s[illegible] | ...... | Þórarinn Jóhannsson Ríp |
| blaðstýft a | geirstýft | Sig. Ólafsson Kárastöðum |
| blaðstýft a | hálftaf fr | Þórður S Skíðdal Egg |
| blaðstýft a | tvístýft fr. | Konráð Gíslason Holti |
| blaðst. a biti fr | stýft biti a | Ármann Helgason Hamri |
| blaðst. a biti fr | stýft fjöður fr | Sigurður Jónasson Hvíandal |
| fjöður fr. | fjöður fr | Ólafur Jósafats Naustum |
| fjöður fr. | gagnfjaðrað | Jón Sigurjónsson Ási |
| fjöður fr | sýlt fjöður fr | Sig Ólafsson Kárast. |
| st. fjö. fr. biti fr. | sýlt | Guðrún Jónsd Beingarði |
| fjö. fr. biti a | tvístýft fr | Anna Gunnarsd Keflavík |
| fjöður fr. gat | fjöður fr. gat | Sigríður Sigurðard Egg |
| fjöður a biti a | ...... | Guðjón Gunnlaugss Hamri |
| fjöður a biti a | Geirstýft | Sami |
| fjöður a, gat | Stýft | Sigurlaug Jónasd Hvíand |
| gat | sneitt a gagnbita | Sig Ólafsson Kárast. |
| gat | sýlt fjaðrir 2 a | Pjetur Gunnarss Keflavík |
| Geirstýft | sýlt biti fr. | Gísli Gíslason Holti |
| Hamar | tvístýft a. lögg fr. | Guðm. Gíslason Ríp |
| Hálftaf fr. | blaðstýft a gagnb | Jón Sigurjóns Ási |
| Hálftaf a | miðhluta í sneitt a | Ágústa Jónsdóttir Naustum |
| Heilrifa | miðhluta | Magnús Gíslason Eiðholti |
| Heilrifa biti a | tvístýft a | Sig Þórðarson Egg |
| Hvatrifa | heilrifa | Sveinn Gíslason Eiðholti |
| Hvatrifa | sneitt fr biti a | Gísli Magnússon [illegible] |
| Hvatrifa | stúfrifa gagnbita | Magnús Gíslason Holti |
| Hvatrifa | tvístýft fr. | Sami |
| Hvatrifa | tvístýft a | Sami |

B

| Hægra | Vinstra | Nöfn Heimili. |
|---|---|---|
| Hvatrifa biti fr. | sýlt biti fr. | Eiríkur Benidikts Hól |
| Hvatt gat | tvístífða biti fr. | Páll Pálsson Garði |
| Lögg a | stýft lögg a | Sigurbjörg Gunnarsd. Nesi |
| Miðhluta | heilrifa | Rögnvaldur Gíslason Holti |
| Miðhluta bita a | blaðstýft fr. biti a | Helgi Jóhannsson Holti |
| Miðhluta í sneitt a | bitar 2 a | Guðm. Einarsson Nesi. |
| Miðhluta í sneitt a | Stýft | Einar Guðmundsson Nesi |
| Miðhl. í sn. a b. fr. | sýlt gagnbita | Ólafur Jónatansson Naustavík |
| Miðhl. í stúf b. fr. | vaxta stúf b. fr. biti a | Sigurbjörg Jónasd. Kárum |
| Sneiðrifa fr. biti a | stýft hálftaf fr. b. a | Sigurlaug Sigurðard. Kdal |
| Sneitt fr. | stýft ½ fr. b. a | Sölfi Sveinbjörnsson Holti |
| Sneitt fr. b. fr. | sneitt a. b. fr. | Þorbjörg Guðjónsd. Vatnsholti |
| Sneitt a. b. fr. | Sneitt a. b. fr. | Lilja Jónsdóttir Hvarsdal |
| Sneitt a. b. fr. | tvístýft a. b. fr. | Hallur Palsson Garði |
| Sneitt a. gagnb. | geirsýlt | Þórður S. Skúðdal Egg |
| Stúfrifa | tvírifa í stúf | Páll Sigurðsson Beingarði |
| Stúfrifa b. a | hálrifa | Sigurður Benidiktsson Kádal |
| Stúfrifa gagnb. | geirstúfrifa | Jón Sigurjónsson Nesi |
| Stýft | stúfrifa fjöður a | Sigurpáll Árnason Kjetu |
| Stýft | stúfrifa vaglsk. a | Árni Sigurðsson Kjetu. |

| Hægra | Vinstra | Nöfn Heimili. . . . |
|---|---|---|
| Stýft | prestsýft fr. | Hróbjartur Jónass. Hamri |
| Stýft gagnbita | stýft | Þórarinn Jóhannsson Ríp |
| Stýft gat | stýft gagnbita | Sigurjón Jónasson Hróarsd. |
| Stýft lögg a. | lögg a | Magnús Gunnars. Nesi |
| Stýft vaglskora fr. | stýft vaglskora fr. | Jónas Björnson Keflavík |

Einusinni var kongur og drottning í
ríkji sínu, sem áttu þrjár dætur, ~~Sú~~
~~elsta~~ sem hjetu Sigrún, Ingibjörg og sú yngsta
Guðrún. Kongur hafði látið byggja veglegan
kastala með háum skíðgarði í kríngum,
handa dætrum sínum, og út fyrir garðinn máttu
þær aldrei fara. Á hverjum morgni fór
kongur til kastalans að vitja um dætur sínar.
Einn morgun þegar kongur kom til
kastalans, báðu þær systur hann að lofa
sjer út á skóg í dag, lengi var hann
tregur enn ljet loks tilleiðast fyrir þrá-
beiðni dætra sinna. Fjöldi hirðmeyja og flokk
vopnaðra manna fylgdu vagni systranna og áttu
að gjæta þeirra. Þegar út á skóginn kom,
stöðvaðist vagninn í fögru rjóðri, og þar skemtu
þær systur sjer til kvelds. Fyrir þrábeiðni
þeirra leyfði kongur þeim að fara á skóg
daginn eptir, en skipaði varðmönnunum að hafa
strangt eptirlit með þeim, og koma heim
fyrir rökkur. Unm kveldið þegar heim
átti að fara vildu þær það ekki, og voru

varðmennirnir nir í stökustu vandræðum og urðu
seinast að hóta þeim að segja kongi frá óhlíðni
þeirra. Daginn eptir fór alt á sömu leið fyr, en
þegar heim kom og foringi varðmannanna
opnaði hurðina að klefa þeirra systra
sem aftastur var í vagninum, voru þær
horfnar og ~~vagninn~~ gaflinn burtu. Þegar kongi
var sagt frá hvarfi dætrasinna, varð hann hamslaus
af bræði, og ljet kasta varðmönnonum í fangelsi,
síðan ljet hann flokk manna fara og leita að dætr-
um sínum, en þær fundust hvergi. Nú varð
kongur svo harmþrungin að hann lagðist í
rekkju, og neytti hvorki svefns nje matar.
Dag nokkurn gengu ráðgjafarnir inn til
konungs, og sögðu honum að annaðhvort
yrði hann að rísa úr rekkju, og stjórna ríkinu
eins og hann hefði áður gert, eða að öðrum
kosti ~~að~~ segja af sjer völdunum og benda á
eptirmann. Elsti ráðgjafi konungs
ráðlagði honum að kalla alla unga menn
í ríki sínu saman, og velja þá til að leita dætra
sinna. kongur reis nú úr rekkju, og tók að stjórna ríki
sínu með sama áhuga og áður. Kongur ljet nú það
boð út ganga um ríki sitt að allir ungir menn skild

meta á vissum degi í höll sinni, og að hann ætlaði að vei-
zja til að leita dætra sinna. Þegar sá dagur kom sem
kongur hafði ákveðið til mótsins, fjölmennti fjöl-
fólks á víðáttu mikla völlu útaf borginni.
Þegar kongur hafði lengi athugað flokk
þann af ungum mönnum sem buðust til þess
að leita að dætrum hans, valdi hann 2 (tvo) bræður af
ríkum höfðingja ættum, og fátækan bóndason er
Sigurður hjet. kongur sagði þeim að þeir
mættu taka með sjer hvað sem þeir vildi úr
ríki sínu, nema her lið. einir urðu þeir að fara.
Þeir bræður völdu sjer skrautlegan búning
bæði að vopnum og klæðum, og mikið af
skotsilfri, en Sigurður kvaðst ekkert
þurfa nema sverð og dálítið af silfri.
Umleið og þeir fjelagar kvöddu konung gaf
hann þeim sinn gullhringinn hverjum, og
óskaði þeim góðrar ferðar. Nú segir ekki af
ferðum þeirra fjelaga fyrenn dag nokkurn
að áliðnu. að þeir lögðust til hvíldar
undir snarbrattri fjallshlíð. Sigurður gat
ekki sofnað og gekk því dálítið frá og sjer
hvar lítill dvergur sitúr og grætur [illegible]
hann gengur til þess og spir hvað hryggi það svo mjög. sa[illegible]

þig sagðist hafa fínt hring sem faðir sinn hefði átt og
þótt mjög vænt um. Sigurður tók þá hringinn af hendi sjer
og gaf dvergabarnynu hann, og snir síðan við til þeirra
bræðra aftur. Þegar hann hafði rjett snúið sjer við kom
til hans dvergur og þakkaði honum hina mikklu gjöf sem hann
hefði gjefið barni sínu. og sagðist ætla að reyna að
launa það eptir veikum mætti. Dvergurinn sagði
við Sigurð. Jeg veit alt um ferðir ykkar
fjelaga og at þið leitið að dætrum Hringvarðs
konungs, þær eru í fjalli því hinu háva sem
þú sjerð hjer og gæta þeirra þrír ógurlegir
risar. Þið þurfið að ganga 7 sjö sinnum rjettsælis og 7
sinnum rangsælis og mun þá opnast gat inn
á fjallinu, og hjer er karfa með á fastri snúru
sem þú verður að síga ofan í. Hjer er 3
hlutir sem jeg ætla að gjefa þjer og þú verð-
ur að gæta vel, það er ögel sem rænir hvergi
í höggi skatar, og mun hún þjer að góðu
liði verða. Annað er ljósker sem þjer mun
ekki veita af að hafa þegar inn í
fjallið kjemur, og belti það sem
hefir þá náttúru að eingan hungrar
nje þyrstir sem hefir það ummspent.
Varaðu þig á þeim bræðrum því
þeir vilja þig feigan, og munu einskis láta ófreistað

til þess að ríða fyrir úr vegi þegar þú ert búinn að ná
hringsdafurnar og koma þeim úr allri hættu. ~~Gat ekki~~
~~þessi gjört gáfulega gagnsjört þeim bræðrum.~~
Síðan kvöddust þeir, og þakkaði Sigurður honum
hjálpina, síðan gekk hann til þeirra bræðra og
lagðist niður og sofnaði. Þegar þeir bræður vöknuðu
svaf Sigurður. Spörkuðu þeir þá í hann og sögðu honum
að mál væri að vakna ef hann ætlaði sjer að
finna dætur konungs. Sigurður sagði að sig hefði
dreymt einkennilegan draum, ~~hann~~ sem hann ætlaði
að segja þeim. Hann þóttist heyra rödd sem sagði:
gangið í kringum þetta fjall sjö sinnum rjettsælis
og sjö sinnum rangsælis þá munu opnast dyr austan á
fjallinu og þar verðið þið að síga niður eftir dætrum
Hringvarðs konungs". Þeir bræður sögðu að
best væri að reyna þetta áður en þeir
snjeru heim. — — —

# Sundið!

Einhver fegursta og mest iðkaða íþrótt forfeðra
vorra var sundið, það máttu allir læra og meira að
segja þrælar sem þó máttu ekki læra íþróttir.
Nú er aftur farið að iðka sund ~~(sem)~~ og kenna *(ofan línu: vegna þess að menn sjá að hætta gæti stafað af því)*
það í stórum stíl, víða eru ~~(yfir)~~ byggðir sund-
skálar upp til sveita landsins, og er það kent
jafnt vetur sem sumar. Oft hefur það
komið fyrir að góðir sundmenn hafa bjargað
bæði sínu lífi og annara úr lífsháska, einkum
er það nauðsynlegt fyrir þá sem sjó stunda
að kunna að synda því oft lenda þeir í lífs-
háska, og geta ef til vill bjargað sjer á sundi
þó stundum gagni það ekki. Þetta er það
fyrsta sem jeg tel sundinu til gildis, annað er
það, að það herðir og stælir alla vöðva líkamans,
og gjörir þá menn sem það iðka heilsuhrausta.
og miklu frjálslegri útlits en ella. Svo er það
einhver sú fegursta íþrótt sem iðkuð er á
landi voru. Ungmennafjelög þessa lands

hafa stigið stórt spor í þessa átt, og þá einkum U. M. f. Svarfdæla sem er aðeins 20 ára og á þó stóran sundskála sem kent er við á hverju vori, og svo má að orði komast eftir því sem jeg hef frjett að enginn frá 10 ára til þrítugs kunni ekki að synda, konur jafnt sem karlar. Skagfirsku U. m. fjelaugunum getu yfirbigt Steinsstaðalaugina og látið kjenna þar sund á vorinu og jafnvel að vetrinum, ef þau hefðu nógu sterkan og staðfastan vilja. __Engin þjóð er svo mikið__ á eptir tímanum að ekki sjen sundmenn meðal þeirra, meira að segja hinar ómentuðu villi þjóðir ~~era~~ kunna mjög vel að synda, einkum eru þeir ákaflega þol, og hrað syntir, og hefur það oft komið sjer vel í baráttunni við hinar hvítu og mentuðu þjóðir, einkum á meðan að þrælasalan ~~var~~ ~~stóð~~ sem hæðst. Oft kom það fyrir að þeir þurftu að strjúka til að ná frelsi, og þá kom það oft fyrir að þeir yrðu

að synda lengri eða skemmri leið, yfir straumharðar ár eða sjó í miklum sjáfargángi. Vjer Íslendingar ættum að allir að vera syntir. Íslendsk U. m. fjelög ættu að senda áskorun til fræðslumálaráðherra um það, að leiða það í lög að ekkert barn fengi fullnaðarpróf eða fermingu nema það kunni bringu, bak og björgunarsund. Þá yrðu Íslendingar með fremstu þjóðum __hvað sund__íþróttina snertir.

Guðmundur.
Gíslason.
Ríp.



6,75 | 3 | x0,30 12,859
3,35
6,75 12
0,55
0,35 3,35 14,98
1,30 0,55
x0,33
1,00 1,20 17
1,10 1,00 12
1,20 x1,10 34
2,00 x1,20
0,75 x0,75 17
1,45 604
19,70 x1,45
18,00
83

20)286

20)2006

75
28
600
140
21,10

75
7
515
4
2060

70
7
490
2

54
28
432
108
1512
8
12096